# FRÉTTABLAÐIÐ

302. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 28. DESEMBER 2015




Flugeldasala á vegum Landsbjargar hefst í dag. Brynja Ingólfsdóttir björgunarsveitamaður stóð í ströngu í gær við að undirbúa sölu í björgunarmiðstöðinni við Kópavogshöfn. Flugeldasala er helsta leið björgunarsveitanna til tekjuöflunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Árni Páll Árnason skrifar um jafnaðarmenn. 18

**SPORT** Fjórtán íþróttamenn sem eignuðu sér árið 2015. 22-24

**MENNING** Leikrit um ófreskju sem við sköpuðum sjálf. 32

**LÍFIÐ** Kaleo starfar með Grammy- verðlaunahafa. 38-44

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Vill fara með strákunum á EM

**ÍÞRÓTTIR** Diego Jóhannesson er spænsk-íslenskur fótboltamaður sem spilar með Real Oviedo í 2. deildinni á Spáni. Hann á spænska móður og íslenskan föður sem býr þessi misserin hér á landi vegna atvinnuástandsins á Spáni.

Diego fékk tækifæri með Oviedo í október vegna meiðsla byrjunarliðsmanna liðsins og hefur ekki litið um öxl. Hann er búinn að gera hægri bakvarðarstöðuna að sinni hjá Oviedo og stefnir nú á að komast í íslenska landsliðið.



Diego Jóhannesson

„Ég vil spila fyrir Ísland sem Íslendingur. Ég er ekki að hugsa um mig. Mig langar bara mjög mikið að spila fyrir Ísland,“ segir Diego í viðtali við Fréttablaðið en hann útilokar ekki að fá frí frá Oviedo til að spila einhverja af þremur vináttuleikjum Íslands í janúar ef hann fær tækifæri til þess. – tom / sjá síðu 22

# Mörg mál enn óleyst

**Tæplega helmingur fyrirtækja sem voru með lán í erlendri mynt hefur átt í ágreiningi við fjármálastofnanir um úrlausn þeirra. Formaður Félags atvinnurekenda telur þetta draga kraft úr mörgum fyrirtækjum til þess að vaxa og fjárfesta.**

**ATVINNULÍF** „Þetta virðist því miður staðfesta það sem við höfum haldið fram, að nýju bankarnir hafa í of miklum mæli látið dómstólunum eftir að ráðstafa þeim afslætti sem þeir fengu af gengislánunum þegar þau voru færð úr þrotabúum gömlu bankanna,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. Ný könnun sem félagið lét Gallup vinna fyrir sig sýnir að enn er óleyst úr ágreiningi margra fyrirtækja við lánastofnanir vegna gengislána.

Könnunin náði til 455 fyrirtækja. Af þeim eru rúm 27 prósent með lán í erlendri mynt eða höfðu verið með slík lán undanfarin sjö ár. Af stærri fyrirtækjunum, þ.e. með veltu yfir 1.000 milljónir, voru 57 prósent með gengislán eða höfðu verið með slíkt lán.

Af fyrirtækjum sem höfðu tekið lán í erlendri mynt höfðu 48,6 prósent átt í ágreiningi við fjármálastofnun vegna lánsins. Þegar þau fyrirtæki voru spurð hvort leyst hefði verið úr ágreiningnum, svöruðu rúmlega 40 prósent að hann hefði verið leystur að fullu, um 35 prósent að úr honum hefði verið leyst að hluta og rúmlega 23 prósent að ágreiningurinn væri óleystur.

> Óleystur ágreiningur vegna gengislána er meinsemd í íslensku viðskiptalífi sem stendur í vegi fyrir því að mörg fyrirtæki nái að blómstra, vaxa og fjárfesta.



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

„Óleystur ágreiningur vegna gengislána er meinsemd í íslensku viðskiptalífi sem stendur í vegi fyrir því að mörg fyrirtæki nái að blómstra, vaxa og fjárfesta. Allt þetta ferli hefur tekið allt of mikinn tíma og orku frá allt of mörgum fyrirtækjum og dregið úr þeim kraft til vaxtar og fjárfestinga,“ segir Ólafur Stephensen.

Þeir sem höfðu fengið leyst úr ágreiningi sínum við banka að öllu leyti eða að hluta til voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með úrlausnina. Rúmlega 28% sögðust óánægðir, 38% ánægðir og 33 prósent hvorki né.

Könnunin var gerð dagana 2. nóvember til 1. desember. Hluti svarenda fékk könnunina beint á neti, en hringt var í nokkra þátttakendur og þeim boðið að velja á milli þess að svara á neti eða í síma. Tekið var úrtak fyrirtækja með fjóra starfsmenn eða fleiri, handahófsvalið úr fyrirtækjaskrá og Viðhorfahópi Gallup. Gagnaöflun stóð yfir þar til 450-500 svörum var náð. – jhh




## Veður




Sunnan hvassviðri eða stormur austan til fram á kvöld á morgun og rigning, á köflum talsverð, en mun hægari vindur og skúrir eða él víðast hvar. Hiti 3 til 7 stig austast fram á kvöld, en annars nálægt frostmarki.

SJÁ SÍÐU 30



**Margir hafa runnið til í hálkunni og brotið bein.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mörg hálkuslys en hjartabilanir fátíðar

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það hefur verið töluvert af hálkuslysum,“ sagði Guðný Helga Herbertsdóttir um komur á Landspítalann í gær. Hún sagði marga hafa leitað á bráðamóttöku eftir að hafa ökkla- og úlnliðsbrotnað í hálkunni, sérstaklega eldra fólk.

Guðný segir hins vegar ekki vitað til þess að margir hafi leitað á bráðamóttöku vegna hjartabilana, það væri orðin hálfger mýta og vísaði þar í myndband sem Landspítalinn lét gera fyrir hátíðarnar. Þar var rætt við Hilmar Kjartansson, yfirlækni á bráðamóttökunni, sem sagði mun minna vera um hjartabilanir í kringum hátíðar en áður. „Maturinn er betri og kannski ekki alveg eins saltur og fólk passar sig sennilega,“ sagði Hilmar. Hins vegar væri á hverju ári dæmi um að fólk væri greint með gallsteina eftir að hafa leitað á bráðamóttökuna með kviðverki. „Fólk sem er með gallsteina og borðar mjög feitan mat er líklegra til þess að fá verk í kviðinn og koma til okkar.“ – **ih**

# Verslanir opnaðar aftur eftir jólaleyfi



**Verslanir voru opnaðar á ný í gær og var margmenni mætt, meðal annars til að skipta jólagjöfum. Það átti meðal annars við um verslun Toys „R“ Us. Jólaverslun er almennt talin hafa verið góð í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Dregið úr leit við Ölfusá

**LEIT** Leit að manni sem féll í Ölfusá aðfaranótt laugardags hafði engan árangur borið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. Maðurinn er nú talinn af. Hann hét Guðmundur Geir Sveinsson og var 41 árs.

Í gær leituðu um hundrað björgunarsveitarmenn meðal annars á bátum, í gönguhópum, á fjórhjólum og á bílum auk þess sem leitað var úr þyrlu Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningu frá lögreglunni segir að leitað verði áfram næstu daga en að dregið verði úr umfangi leitarinnar og henni stýrt eftir aðstæðum.

Þá segir að Guðmundur Geir hafi búið á Selfossi og var hann ókvæntur og barnlaus. Eftirlifandi faðir hans og bræður óskuðu eftir því að koma að einlægum þökkum til allra þeirra björgunarsveitarmanna og annarra sem lagt hafa lið við leitina. – **ngy**

# Reykjavíkurborg vill ekki fleiri bensínstöðvar

**Festi vill opna tvær til fjórar bensínstöðvar við lóðir Krónunnar á höfuðborgarsvæðinu. Beiðni í Kópavogi var hafnað af skipulagsnefnd og vísað til bæjarstjórnar. Formaður borgarráðs segist ekki eiga von á að verði tekið vel í beiðnina.**

**NEYTENDUR** Festi, sem rekur matvöruverslun Krónunnar, vill opna bensínstöðvar á lóðum Krónunnar í Reykjavík og Kópavogi. Lagt verður upp úr lágu eldsneytisverði á stöðunum og er í bígerð að sækja um leyfi á tveimur öðrum stöðum að sögn Jóns Björnssonar, forstjóra Festar.

Fréttablaðið greindi frá því fyrr í haust að Festi væri að skoða möguleikann á því að opna bensínstöðvar á lóðum Krónunnar. „Við erum með þetta í ferli. Það er umsókn inni í Reykjavík og Kópavogi að fá leyfi til að setja bensíndælur, og í bígerð að sækja um á tveimur öðrum stöðum,“ segir Jón og bætir við að þetta sé langt ferli. Fyrirtækið er einnig búið að vera í viðræðum um kaup á bensíni og dísilolíu í marga mánuði.

Í lok nóvember var beiðni VA Arkitekta fyrir hönd Festar um byggingu bensínstöðvar við Krónuna í Skógarlind 2 í Kópavogi hafnað af skipulagsnefnd bæjarins. Málinu var vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar og verður afgreitt af bæjarstjórninni á nýju ári. Skipulagsnefnd hafnaði beiðninni þar sem ekki var talin þörf á fleiri bensínafgreiðslum á svæðinu.

Björn Blöndal, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar, segir það stefnu borgarinnar að bensínstöðvum fjölgi ekki og fækki jafnvel. „Flestir held ég fallist á það að fjölgun bensínstöðva bætir ákaflega litlu við gæði borgarumhverfisins. Aðgengi að bensínstöðvum í Reykjavík er yfirdrifið og samkeppni hefur ekki sýnt sig til að breyta miklu um verðmyndun.“ Hann á því ekki von á að verði tekið vel í þessa beiðni.



**Ef áætlanir ganga eftir er stefnt að því að opna tvær til fjórar bensínstöðvar í upphafi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Það þarf ekki fimm þúsund fermetra lóðir til að selja eldsneyti.**

Jón Björnsson, forstjóri Festar



„Þetta er spurning um hvort bæjarfélög hafi áhuga á því að það verði breyting á því hvar neytendur kaupi eldsneyti. Það þarf ekki fimm þúsund fermetra lóðir til að selja eldsneyti,“ segir Jón.

Jón segist eins bjartsýnn og hann geti leyft sér að vera um málið. „Við höfum séð að þetta hefur gerst annars staðar. En íslenskur eldsneytismarkaður hefur ekki verið opinn fyrir þessu hingað til.“ **saeunn@frettabladid.is**





Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

DACIA

# NÝR DACIA DOKKER

## Til afgreiðslu fyrir áramót

## ”tæplega milljón kílómetrar og ekki ein einasta bilun„

UMMÆLI

Fáir viðskiptavinir gera meiri kröfur um rekstraröryggi og rekstrarhagkvæmni og bílaleigur. KúKú Campers er íslensk bílaleiga sem sérhæfir sig í rekstri ferðabíla sem hægt er að ferðast í og gista.

“Við keyptum nýjar Dacia Dokker sendibifreiðar til prufu á síðasta ári. Þær eru nú keyrðir samanlagt tæplega milljón kílómetra. Enn hefur ekki komið upp ein einasta bilun. Frábær kaup og við pöntuðum fleiri fyrir þetta ár.”

Steinarr Lár, annar eigandi
KúKú Campers ehf.



**DACIA DOKKER 1,5 DÍSIL AMBIANCE**

**2.080.000 án vsk.**

# 2.590.000

## Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri aðeins 4,5l/100km*

**STAÐALBÚNAÐUR DOKKER AMBIANCE**

Hiti í bílstjórasæti - Sex aðgerða aksturstölva - Þokuljós að framan - Aðgerðarhnappar við stýri - Handfrjáls símabúnaður - Bluetooth Útvarp, CD, 4 hátalarar og MP3 tenging - Útihitamælir - USB tengi fyrir MP3 spilara/ipod - Rúður í afturhurðum - Upphituð afturrúða Rúðuþurrka á afturrúðu - Rafknúnar rúður - Rafknúnir speglar - Hæðarstilling á stýri - 15” hjólkoppar - Fjarstýrðar samlæsingar - Rennihurð á hægri hlið Litaðar rúður - 180° opnun á afturhurðum án glugga - Geymsluhólf í framhurðum - ABS hemlakerfi - Stöðugleikastýring ESC - Loftpúði fyrir ökumann - Forstrekkjarar á sætisbeltum - Hæðarstilling á höfuðpúðum - Ræsivörn - Varadekk - Gólfmottur framm í - Áminningarljós fyrir sætisbelti - Þriggja hraða rúðuþurrkur - Þriðja hemlaljósið - Þægindaljós við framsæti - Ljós í farangursrými - 4ra hraða miðstöð með kælirásum

Dacia eco2
www.dacia.is

*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# Leita til dómstóla vegna laxeldisáforma

**UMHVERFISMÁL** Landssamband veiðifélaga (LV) hefur sent Hraðfrystihúsinu Gunnvöru á Ísafirði harðort bréf þar sem skorað er á fyrirtækið að láta af áformum um sjókvíaeldi norskra laxa í Ísafjarðardjúpi. Bréfið er sent í tilefni þess að HG hefur auglýst drög að matsáætlun fyrir 6.800 tonna laxeldi á sex svæðum í Ísafjarðardjúpi.

Í bréfi LV kemur fram að sambandið muni leitast við eftir fremsta megni að stöðva fyrirhugaða framkvæmd eldis norskra laxa á öllum stigum málsins og leita atbeina dómstóla til að hnekkja útgáfu eldisleyfis ef svo ber undir. Þá furðar LV sig á að Hraðfrystihúsið Gunnvör „skuli hafa flutt sjókvíaeldið í óburðugt einkahlutafélag, Háfell ehf. í sinni eigu“. Telur LV að með þessu sé Hraðfrystihúsið Gunnvör að skjóta sér undan skaðabótaskyldu vegna umhverfistjóns sem starfsemin muni valda í nærliggjandi laxveiðiám.

Jón Helgi Björnsson, formaður LV, segir málatilbúnað fyrirtækisins gallaðan þar sem HG sé skráður framkvæmdaraðili í matsferlinu en starfsemin sé í rauninni hjá öðrum lögaðila, Háfelli ehf. Hann segir fyrirtækið hafa stundað blekkingaleik þegar það sótti um leyfi til að ala regnboga en ætlunin hafi svo verið að fá þessum leyfum breytt í laxeldisleyfi. Hann segir að LV muni skjóta þessu máli til dómstóla verði gefið út leyfi til eldisins enda sé eldi norskra laxa við ósa laxveiðiáa gróft brot stjórnvalda á samkomulagi hagsmunaaðila og landbúnaðarráðuneytisins frá 1988 um að aðeins skyldi leyfa eldi á norskum laxi í landstöðvum. Vakin hefur verið athygli Skipulagsstofnunar á málinu. **– shá**



**LV vill ekki sjá norskan lax alinn í sjó við Ísland.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

## Flutt yfir á Barnaspítalann

**SLYS** Önnur stúlknanna sem lentu í vélsleðaslysi í Húnavatnssýslu í gær var flutt af gjörgæslu yfir á Barnaspítala Hringsins. Hin hefur verið útskrifuð af Landspítalanum. Stúlkurnar voru fluttar með sjúkraflugi frá Sauðárkróki eftir að vélsleði sem þær óku lenti undir heyvagni.

Nokkurn tíma tók að koma þeim frá Sauðárkróksflugvelli því flugvöllinn þurfti að ryðja og sandbera áður en flugvél gæti athafnað sig þar. Stefán Vagn Stefánsson, formaður bæjarráðs Skagafjarðar, segir það öryggismál fyrir landshlutann að flugvöllurinn sé opinn þegar á þarf að halda. „Það skiptir litlu máli fyrir öryggi að hafa flugvöll í Vatnsmýri ef flugvellir á landsbyggðinni eru ekki tækir til notkunar. Þetta snýst um öryggi,“ segir Stefán Vagn. **– sa**

## Banaslys í Öræfasveit

**SLYS** Erlendur ferðamaður lést eftir árekstur tveggja bíla á einbreiðri brú yfir Hólá, skammt frá Hnappavöllum í Öræfasveit á fimmta tímanum á laugardaginn. Sex erlendir ferðamenn voru í bílunum tveimur.

Hinn látni var ökumaður annars bílsins. Þeir sem lifðu slysið af voru fluttir í þyrlu á Landspítalann til aðhlynningar. Tveir þeirra voru útskrifaðir samdægurs að skoðun lokinni. Hinir þrír vörðu nóttinni á Landspítalanum undir eftirliti en þeir eru ekki taldir í lífshættu. **– ih**

### LEIÐRÉTT

*Ljósmyndarinn sem átti þá mynd í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis sem varð vinsælust á meðal lesenda Vísis heitir Rán Bjargardóttir, en ekki Rut. Börnin á myndinni voru ekki hennar börn. Hlutaðeigandi eru beðnir velvirðingar.*

# Getum hindrað HIV-smit

**Fjöldi nýrra HIV-smitaðra helst svipaður og síðustu ár. Barist er fyrir því að fá fyrirbyggjandi lyf. Yfirlæknir býst við því að lyfin verði samþykkt í Evrópu innan árs. Mánaðarskammtur kostar 150 þúsund krónur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tólf einstaklingar hafa verið greindir með HIV á árinu sem er að líða, meirihlutinn erlendir ríkisborgarar. Sprautufíklar eru ekki algengir innan hópsins. Þetta segja tölur frá Landlæknisembættinu.

Tvær konur eru í tólf manna hópnum. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst má rekja smit þeirra til nígerísks hælisleitanda sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald í júlí, grunaður um að smita konur vísvitandi af veirunni. Ekki fengust upplýsingar frá lögreglu um hvar mál hans er statt í kerfinu við vinnslu fréttarinnar en maðurinn heldur fram sakleysi sínu.

Mikill þrýstingur hefur verið í Evrópu um að taka upp svokölluð PrEP-lyf til að fyrirbyggja HIV-smit fyrir þá sem eru í áhættuhópi. Lyfjagjöf hefur gefið góða raun í Bandaríkjunum en rannsóknir sýna að inntaka HIV-lyfsins Truvada er nærri örugg til að koma í veg fyrir smit.

„Lyfjaeftirlitið í Bandaríkjunum samþykkti þetta í júlí 2012 en Evrópa hefur ekki enn samþykkt þetta. Á meðan þetta er ekki enn samþykkt sem lyf til að nota undir þessum kringumstæðum þá getum við ekki notað það. Þó við eigum þetta lyf,“ segir Bryndís Sigurðardóttir, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans.

„Rannsóknir eru farnar að sýna í fyrsta lagi að fólk er ekki að nota smokka. Við breytum ekki kynhegðun fólks. Fólk hættir ekki að sofa hjá. Og við vitum að líklega veit einn þriðji þeirra sem eru með HIV í heiminum í dag ekki af smitinu,“ segir Bryndís. Lyfið kostar 150 þúsund krónur á mánuði, sem mörgum kann að þykja dýrt fyrir fyrirbyggjandi lyf.




**Í júlí var maður úrskurðaður í gæsluvarðhald grunaður um að smita konur vísvitandi af HIV-veirunni. Tvær konur voru staðfestar með smit.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



> **Það er mikill þrýstingur, ekki bara á Íslandi heldur út um allan heim, og sérstaklega meðal samkynhneigðra karla.**
>
> Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV-Ísland

Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV-Ísland, segir samtökin fylgjast vel með baráttunni erlendis. „Það er mikill þrýstingur, ekki bara á Íslandi heldur út um allan heim, og sérstaklega meðal samkynhneigðra karla og fólks sem býr í samböndum og hjónaböndum þar sem annar aðilinn er með HIV.“

Hann tekur þó fram að ef fólk er á lyfjum gegn veirunni þá fer veiran í dvala og fólk er ekki smitandi lengur. „Þetta er að verða allt annað landslag en það var fyrir nokkrum árum síðan.“ **snaeros@frettabladid.is**




**Finnir þú fyrir kláða, sviða og óþægindum í og við leggöng gæti verið um sveppasýkingu að ræða. Pevaryl® er sveppalyf með breiða sveppaeyðandi verkun. Leitið læknis leiki vafi á hvort um sveppasýkingu sé að ræða.**

Pevaryl 150 mg skeiðarstíll, Pevaryl Depot 150 mg skeiðarstíll og Pevaryl 1% krem (í samsettum pakkningum) (innihalda econazolnítrat) eru breiðvirk sveppalyf við sveppasýkingum í leggöngum (leggangabólga og skapabólga af völdum gersveppa). **Skammtar:** Einn skeiðarstíll hátt í leggöng að kvöldi fyrir svefn, 3 daga í röð (Pevaryl skeiðarstíll) eða einu sinni (Pevaryl Depot skeiðarstíll). Krem: Berist á svæðið í kringum leggangaop og endaþarmsop 2-3 á dag. Meðferð á að vara í 3 daga eftir að óþægindi eru horfin. Meðhöndlun maka: Þvoið reður og forhúð og berið kremið á tvisvar á dag þar til óþægindi hverfa og í 3 daga eftir það. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Pevaryl og Pevaryl Depot má ekki nota samhliða annarri meðferð í eða á kynfærum. Ef fram koma merki um ertingu eða ofnæmi skal hætta meðferð. Pevaryl krem inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúðir og bútýlhýdroxýanisól sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (snertiexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. Pevaryl skeiðarstílar innihalda efni í olíugrunni sem getur haft áhrif á og dregið úr öryggi latexhetta og latexverja. Ekki skal nota lyfin samtímis slíkum verjum. Þeir sem nota sæðisdrepandi lyf skulu ráðfæra sig við lækni, þar sem staðbundin meðferð í leggöngum getur gert sæðisdrepandi lyf óvirkt. **Meðganga / brjóstagjöf:** Pevaryl má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknisráði. Nota má Pevaryl á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu ef hugsanlegur ávinningur fyrir móður vegur þyngra en möguleg hætta fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort econazolnítrat berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

# Stjórnarskrárbreytingar senn fullræddar

**STJÓRNMÁL** „Nú er stefnt að því að ná fram niðurstöðu áður en þingið kemur saman á ný hvort sem að niðurstaðan er þá sameiginleg eða ekki sé flötur fyrir samkomulagi,“ segir Páll Þórhallsson, formaður stjórnarskrárnefndar.

Upphaflega var stefnt að því að leggja málið fram á haustþingi svo Alþingi gæti afgreitt málið og hægt væri að kjósa um frumvarpið samhliða forsetakosningum næsta sumar. Það gekk ekki eftir og því hyggst nefndin nú skila frá sér tillögum um miðjan janúar, áður en Alþingi kemur saman á ný, hvort sem nefndin nái saman eða ekki.

„Ástæðan er sú að það þjónar ekki miklum tilgangi að ræða þessi efni mikið lengur í þessum hópi, það er búið að velta öllum steinum,“ segir Páll. Nefndin var skipuð í nóvember árið 2013 og hefur fundað hátt í fjörutíu sinnum síðan þá.

Nefndinni var falið að kanna fýsileika stjórnarskrárbreytinga er snúa að framsali ríkisvalds vegna alþjóðasamstarfs, þjóðareign náttúruauðlinda, umhverfismálum og þjóðaratkvæðagreiðslum að kröfu kjósenda. Páll segir nefndarmenn nærri niðurstöðu í öllum þessum málum en það muni ekki skýrast fyrr en í janúar hvort niðurstaða náist. **– ih**



**Páll Þórhallsson segir að nefndin hafi velt öllum steinum og það þjóni litlum tilgangi að ræða málin frekar þar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK






## Hugur páfa hjá kúbverskum flóttamönnum



Frans gerði stöðu kúbverskra flóttamanna að umtalsefni í predikun á Péturstorgi í gær. „Hugsanir mínar beinast á þessari stundu að kúbverskum flóttamönnum sem eiga við erfiðleika að etja í Mið-Ameríku. Margir þeirra eru fórnarlömb mansals,“ sagði páfinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vegabréfin tekin og laun ekki greidd

**Flestir þeirra hátt í tuttugu einstaklinga sem hafa stöðu þolenda mansals á árinu eru verkamenn. Sumir fengu aðstoð sendiráðs til að fara af landi brott. Áformað að stofna sérstakt mansalsteymi innan lögreglu strax í byrjun árs.**

**SAKAMÁL** Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri segir flesta þeirra hátt í tuttugu einstaklinga sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur skilgreint sem mansalsþolendur á árinu hafa verið lokkaða hingað til lands. Í sumum tilfellum hafi vegabréfin verið tekin af þeim og laun ekki greidd. Flest starfanna sem einstaklingarnir voru lokkaðir til voru verkamannastörf.

„Um er að ræða hátt í tuttugu einstaklinga sem lögreglan hefur skilgreint sem mansalsþolendur en mál þeirra, fyrir utan tvo, hefur ekki verið hægt að taka til rannsóknar vegna mismunandi ástæðna; sumir þolendur vildu fara af landi brott sem fyrst m.a. með aðstoð sendiráðs eða óttuðust að greina frá aðstöðu sinni.

Þessir einstaklingar bjuggu flestir við það að hafa verið lokkaðir hingað til lands og í sumum tilfellum voru vegabréf tekin af þeim og laun ekki greidd. Í flestum tilfellum er um að ræða einstaklinga sem starfa eða störfuðu við verkamannastörf hér á landi.“

> **Sumir þolendur vildu fara af landi brott sem fyrst m.a. með aðstoð sendiráðs eða óttuðust að greina frá aðstöðu sinni. Þessir einstaklingar bjuggu flestir við það að hafa verið lokkaðir hingað til lands.**
>
> Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri



Sigríður segir frá því að til þess að ná betur utan um málaflokkinn verði myndað mansalsteymi innan lögreglunnar. Þar sem fjármagn fylgdi ekki aðgerðaáætlun ríkisstjórnar gegn mansali þá muni rannsóknir á mansali draga mannafla frá öðrum málaflokkum nema að brugðist verði við með viðbótarfjármögnun.

„Í byrjun nýs árs verður innleitt nýtt skipulag í rannsóknardeild embættisins. Að ná betur utan um þennan málaflokk er eitt af þeim markmiðum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hyggst ná með þeim breytingum. Sérstakur lögreglufulltrúi verður ráðinn í byrjun árs, til eins árs, til að halda utan um málaflokkinn. Þeir rannsóknarlögreglumenn sem koma að mansalsrannsóknum hverju sinni mynda teymið með lögreglufulltrúanum. Fjöldi þeirra fer eftir verkefnum hverju sinni en æskilegt er að 2-3 rannsóknarlögreglumenn sinni þessum málaflokki að jafnaði. Eins og staðan er í dag mun aukin áhersla á þennan málaflokk draga mannafla frá öðrum málaflokkum ef ekki verður brugðist við með viðbótarfjárveitingu.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

ÁRAMÓTABOMBA

# 25%

AFSLÁTTUR

## 25% AFSLÁTTUR AF ALLRI SNYRTIVÖRU

28. - 31. DESEMBER

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Deiliskipulagsbreyting Stapahraun 11 og Stapahraun 12**

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 3. nov. 2015 að auglýsa tillögu að breytingunni í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að lóðirnar Stapahraun 11 og Stapahraun 12 eru sameinaðar í lóðina Stapahraun 11-12. Fyrirhuguð starfsemi á lóðinni er verslun, þjónusta, framleiðsla og vöruskemmua. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,75 án kjallara. Hús á lóð verða sambyggð 1-2 hæðir. Hæðsti hluti mannvirkis verður 10,2 m sem er hluti af framleiðsluhúsi á lóð.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2, frá 28. des. 2015 til 8. feb. 2016. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 9. feb. 2016. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulagfulltrúi Hafnarfjarðar*

**IN THE HIGH COURT OF JUSTICE
CHANCERY DIVISION
COMPANIES COURT**

**Claim No. 4548 of 2015**

IN THE MATTER OF
**ROTHESAY ASSURANCE LIMITED**
– and –
IN THE MATTER OF
**ROTHESAY LIFE LIMITED**
– and –
IN THE MATTER OF
THE FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000

NOTICE IS HEREBY GIVEN that an Order under Section 114(2) of the Financial Services and Markets Act 2000 sanctioning a scheme for the transfer (the "**Transfer**") of the long-term insurance business of Rothesay Assurance Limited (formerly known as MetLife Assurance Limited) ("**Rothesay Assurance**"), including all policies, assets and liabilities, to Rothesay Life Limited ("**Rothesay Life**") was made by Her Majesty's High Court of Justice in England on 9th November 2015. The Transfer became effective in accordance with the said Order on 1st December 2015.

Any policyholder who was habitually resident in Austria, Belgium, Bulgaria, Cyprus, the Czech Republic, Denmark, Estonia, Finland, France, Germany, Gibraltar, Greece, Hungary, Iceland, Ireland, Italy, Latvia, Liechtenstein, Lithuania, Luxembourg, Malta, Netherlands, Norway, Poland, Portugal, Romania, Slovakia, Slovenia, Spain, Sweden and the United Kingdom at the time that he or she entered into a policy included in the Transfer may exercise any right which he or she may have under the law of the relevant country to cancel his or her policy, being a period of three months starting from the date of publication of this notice or the period (if any) prescribed by that country's law starting from the date of publication of this notice.

Policyholders will continue to have the same rights under their policies following the Transfer.

**Contact details for Rothesay Assurance and Rothesay Life:**
The contact details for the parties can be found on their website:

http://www.rothesaylife.co.uk

**Solicitors for Rothesay Assurance and Rothesay Life:**
Linklaters LLP
For the attention of: DEOB/GTD
One Silk St, London, EC2Y 8HQ

## Slökkvistarf við erfiðar aðstæður



**Skógareldar kviknuðu að minnsta kosti fjórum sinnum á suðurskaganum í Höfðaborg um jólahelgina. Mikill vindur gerði slökkvistarf erfitt, en á myndinni hér að ofan má sjá björgunarþyrlu að störfum. Sem betur fer hafa engar eignaskemmdir orðið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vilja 900 milljónir í flug á Akureyri og Egilsstaði

**Starfshópur á vegum forsætisráðherra vill sjá að flogið verði millilandaflug um Akureyri og Egilsstaði allt árið um kring. Hópurinn leggur til að 900 milljónir króna verði settar á þremur árum í sjóð sem styrki millilandaflug á þessa staði.**

**SAMGÖNGUR** Starfshópur sem forsætisráðherra skipaði til að gera tillögur að því hvernig koma megi á reglulegu millilandaflugi um aðra flugvelli en Keflavík leggur til að ríkissjóður setji 900 milljónir króna á þremur árum til að styrkja flug til og frá Akureyri og Egilsstöðum.

„Væntur ávinningur ríkissjóðs er margvíslegur, beint og óbeint, en beinar árlegar skatttekjur ríkissjóðs af auknu flugi geta numið 3-400 milljónum króna sé þó aðeins miðað við tvö flug á viku allt árið," segir í niðurstöðum starfshópsins. „Miðað við þetta má gera ráð fyrir að það sé engin áhætta fyrir ríkissjóð heldur fái ríkissjóður allt sitt framlag til baka en njóti síðan beins afraksturs í formi skatttekna að liðnum þremur árum."

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði Flugþróunarsjóður sem skiptist í annars vegar Markaðsþróunarsjóð og hins vegar Áfangastaðasjóð. Matthías Páll Imsland, aðstoðarmaður velferðarráðherra og fyrrverandi forstjóri Iceland Express, var formaður starfshópsins.

„Sjóðirnir skulu virka hvetjandi á erlenda sem innlenda aðila og framlag þeirra vera viðbót við framlag annarra þróunaraðila (landshlutar, flugfélög, markaðsþróunarfélög) og greiðast eftir að flug er hafið, nánar tiltekið þegar lágmarkstímabili hefur verið náð og svo mánaðarlega eftir það," útskýrir starfshópurinn. „Stuðningurinn er til þess að byggja upp nýja leið og er annars vegar niðurgreiðsla á áhættu við að byggja upp nýja leið og hins vegar stuðningur við markaðssetningu áfangastaðar."

> **Stuðningurinn er til þess að byggja upp nýja leið og er annars vegar niðurgreiðsla á áhættu við að byggja upp nýja leið og hins vegar stuðningur við markaðssetningu áfangastaðar.**
>
> Starfshópur forsætisráðherra um millilandaflug

Í skýrslu hópsins er rakið að nýting hótelherbergja er umtalsvert lakari á Norður- og Austurlandi en á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega utan háannar. Miðað er við í útreikningum að tekjur séu 20.900 krónur á hvern ferðamann á sólarhring að sumri en 34.835 krónur að vetri.

„Samkvæmt könnun Ferðamálastofu koma 35 prósent ferðamanna sem koma til landsins að sumri til Norðurlands en aðeins 13 prósent að vetri. Á Austurlandi er hlutfallið 29 prósent að sumri en 11 prósent að vetri," bendir starfshópurinn á.

Lagt er til að leiðaþróunarsjóður styrki flugrekstraraðila um vissa upphæð í eftir því hvenær árs flogið er. Sumarmánuðina þrjá sé gerð krafa um minnst eitt flug á viku og þá fáist greiddar tíu evrur (um 1.420 krónur) á hvern farþega. Sé bætt við minnst átta flugferðum í september eða maí fáist 12 evrur (1.700 krónur) á hvern farþega. Á veturna fáist 15 evra (2.130 króna styrkur) á farþega sé flogið einu sinni í viku. Þá verði að vera minnst tólf flug sem flogin séu í minnst sex flugferða seríu.

Sérstökum markaðsþróunarsjóði er síðan ætlað að styrkja hverja flugleið um að lágmarki 10 milljónir króna óháð fjölda farþega. „Farið verði fram á mótframlag samningsaðila, það er króna á móti krónu," segir starfshópurinn.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs kvaðst fagna þessum niðurstöðum starfshópsins á fundi sínum á Egilsstöðum í síðustu viku. **gar@frettabladid.is**



Nýárs Útsala
15-80% Afsláttur
20% afsláttur af speglaskápum
20% afsláttur af handklæðaofnum
15% afsláttur af ljósaspeglum
15% afsláttur af sturtuklefum
15% afsláttur af blöndunartækjum
80% afsláttur af sturtuhurðum takmarkað magn
35% afsláttur af baðkarshlífum
50% afsláttur af fylgihlutasettum
25% afsláttur af baðkörum
15% afsláttur af handlaugum
15-55% afsláttur af baðinnréttingum - margar gerðir
17% afsláttur af upphengdu salerni
TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# Eigendur bústaða ætla ekki að víkja

**Lögmaður eigenda sumarbústaða við Elliðavatn segir geðþótta og duttlunga ráða för í í þeirri stefnu Orkuveitu Reykjavíkur að byggðin verði rifin. Það yrði skipulagslegt stórslys og borgaryfirvöldum til háðungar. Ekki sé minnst á bústaðina í vatnsverndarsamþykkt.**

**STJÓRNSÝSLA** „Orkuveitu Reykjavíkur er ekki heimilt að ganga fram í sýslan sinni eins og þeir sem þar hafa verið settir til ábyrgðar séu að höndla með sína eigin hagsmuni eða reka söluturn,“ segir Ástráður Haraldsson, lögmaður eigenda tólf sumarhúsa í landi Orkuveitunnar við Elliðavatn, í bréfi til lögmanna OR.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að Orkuveitan telur nauðsynlegt að öll sumarhúsin á svæðinu hverfi þaðan á endanum vegna vatnsverndarsjónarmiða. Bústaðirnir standa á leigulóðum og lítur OR þannig á að leigusamningar um þær hafi runnið út í árslok 2012. Hús eru á 25 af 35 lóðum OR í Elliðavatnsblettum.

Áður hafði Orkuveitan krafist þess að húsin yrðu fjarlægð á kostnað eigendanna en stefnubreyting varð í haust þegar fyrirtækið tók sjálft að sér niðurrif á litlum bústað þar sem eigandinn hafði fallið frá.

„Þetta geta verið umtalsverðir fjármunir fyrir einstaklinga en í hinu stóra samhengi vatnsverndarmála væru þetta ekki mikil útgjöld fyrir Orkuveituna,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, í Fréttablaðinu 24. september síðastliðinn. Bjarni undirstrikaði þá að Orkuveitunni væri treyst fyrir nýtingu vatnsauðlindarinnar og hún bæri því mikla ábyrgð.

Ástráður segir að sumarhúsaeigendunum hafi borist bréf frá Orkuveitunni þar sem boðin séu tvenns konar kjör.

„Annars vegar er nokkrum þeirra tilkynnt um að leigusamningur verði ekki endurnýjaður og þeim boðið að Orkuveita Reykjavíkur kosti brottflutning mannvirkja af lóðinni. Hins vegar er í flestum tilvikum boðið upp á tímabundna endurnýjun leigusamninga um ótilgreindan tíma,“ upplýsir Ástráður.

Orkuveitan vísar til ástands húsanna og þess hvort þau séu mikið notuð varðandi það hvort þau fái tímabundna framlengingu á leigu eða hvort niðurrifs sé krafist.



Sumarhúsin í Elliðavatnsblettum hafa sum staðið frá því á þriðja áratug síðustu aldar og eru menningarverðmæti segir lögmaður eigendanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Hinir nýju eigendur keyptu á markaðsverði í trausti þess að bústaðirnir fengju að standa.**



Ástráður Haraldsson, lögmaður eigenda tólf sumarhúsa við Elliðavatn

Ástráður segir engin málefnaleg rök fyrir þeirri mismunun enda standist ekki fullyrðingar OR um ásigkomulag húsanna eða notkun þeirra.

Þá segir lögmaðurinn varðandi tímabundna framlengingu leigusamninga að stefna Orkuveitunnar þurfi að byggjast á lögmætum sjónarmiðum. „Ekki verður annað séð en að duttlungar og geðþótti ráði þar einir för,“ skrifar lögmaðurinn. Hann nefnir að á fyrsta áratug þessarar aldar hafi verið gerðar ýmsar úrbætur á bústöðunum í samráði við Orkuveituna.

„Á sama tíma hafa orðið eigendaskipti á bústöðum með vitund og samþykki Orkuveitu Reykjavíkur. Hinir nýju eigendur keyptu á markaðsverði í trausti þess að bústaðirnir fengju að standa,“ segir í bréfi lögmannsins.

Fram að stefnubreytingu hjá Orkuveitunni hafi eigendur sumarhúsanna haft réttmætar væntingar um að byggðin fengi að standa „en yrði ekki útlæg ger á á grundvelli geðþótta stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur eða borgaryfirvalda“.

Lögmaðurinn bendir á að í nýrri vatnsverndarsamþykkt sé ekki minnst á sumarbústaðina. Í greinargerð með samþykktinni sé þó getið um að fáein sumarhús séu í jaðri grannsvæðisins í Reykjavík.

„Ekki er talin forsenda eða nægilega traust gögn til að beita almennu banni við notkun þeirra,“ vitnar Ástráður til greinargerðarinnar.

Þá rekur Ástráður að í aðalskipulagi segi í umsögn um gróðurbeltið umhverfis höfuðborgarsvæðið, Græna trefilinn svokallaða, að ekki sé gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa þar en að lagfæra megi gömul hús eða endurbyggja í sömu stærð.

Meðal þess sem lögmaður bústaðaeigendanna vitnar til er saga sumarhúsabyggðarinnar við Elliðavatnsbletti. „Þessi byggð og elsta frístundabyggð landsins við Þingvallavatn eru fyrstu sumarhús sem Íslendingar reistu,“ fullyrðir lögmaðurinn sem kveður mörg húsanna hafa byggingarsögulegt gildi og byggðina alla menningarsögulegt gildi.

„Núgildandi stefna Orkuveitu Reykjavíkur er að mati umbjóðenda minna upprennandi menningarsögulegt stórslys sem innan skamms tíma myndi verða talið borgaryfirvöldum til háðungar.“

Bréf lögmannsins hefur verið lagt fram í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

gar@frettabladid.is






# Tveggja barna stefna lögfest í Kína

**KÍNA** Kínverska þingið festi í gær svokallaða tveggja barna stefnu í lög og mun nýja stefnan taka gildi þann fyrsta janúar næstkomandi. Mega kínversk pör þá eignast tvö börn.

Stefnan tekur við af einbirnisstefnunni sem hafði verið í gildi undanfarin 35 ár. Breytingin er viðbragð við hækkandi meðalaldri kínversku þjóðarinnar og fækkun fólks á vinnumarkaði. Kínversk stjórnvöld telja að stefnubreytingin muni skila sér í 30 milljón fleiri manns á vinnumarkaði fram til ársins 2050.

Sameinuðu þjóðirnar höfðu áður spáð því að Kínverjum á aldrinum 15 til 59 ára fækki um sjö prósent á árunum 2010 til 2030.

Óvíst er hvort stefnubreytingin beri tilætlaðan árangur segir í frétt CNN um málið. Áratugir liði þar til barnasprenging skili sér í fleiri vinnandi höndum. Þá sé alls óvíst að Kínverjar á barneignaaldri vilji eignast fleiri ein eitt barn þrátt fyrir breytta löggjöf. Fæðingartíðni í Kína hafi lækkað af ástæðum sem ekki endilega tengjast einbirnisstefnunni. Aðgerðin væri of lítilvæg og kæmi of seint hefur AP eftir Cai Yong, prófessor í félagsfræði við Norður-Karólínuháskóla.

Búist er við að stefnubreytingin skili sér í 23 milljónum viðbótarfæðinga fram á miðja þessa öld. Kínverjum muni fjölga næstu 15 árin og verða 1,43 milljarðar árið 2030 í stað 1,42 milljarða yrði engin stefnubreyting. Í kjölfarið fari Kínverjum svo fækkandi.



Börn að leik í Guangzhou í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

> **23**
> **milljónir munu fæðast í Kína umfram það sem áætlað var, vegna lagabreytingarinnar.**

Mannréttindasamtökin Amnesty International gagnrýndu stefnuna í gær. Ríkið hafi engan rétt til þess að skipta sér af því hve mörg börn fólk eigi. Aðgerðir Kínverja væru ófullnægjandi og stefnan ýtti enn undir mannréttindabrot. Kínverskar konur ættu áfram á hættu á að vera neyddar í fóstureyðingu eða þvingaðar til að nota getnaðarvarnir. – ih, þea

DEBENHAMS

# ÚTSALAN ER HAFIN

# 30-70% AFSLÁTTUR

**20%** afsláttur af öllum snyrtivörugjafakössum*

**Opið** 11:00 - 19:00 í dag

*GILDIR TIL 31. DESEMBER

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

# Harðar kjaradeilur og verkföll settu mikinn svip á árið 2015

**Landspítalinn hefur verið plagaður af verkföllum allt þetta ár, hvort heldur það eru læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar eða annað heilbrigðisstarfsfólk sem lagt hefur niður störf. Verkföllum var beitt í stórum stíl bæði á almenna og opinbera vinnumarkaðnum. Enn eru víða blikur á lofti í kjaramálum.**

Ekki er ofsagt að landið hafi logað í launadeilum verkfallsaðgerðum í kjaradeilum bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði á árinu.

Viðræður ríkisins við lækna teygðu sig fram yfir áramót og engin lausn í sjónmáli í byrjun ársins. Fyrstu verkföll ársins hófust 5. janúar. Læknar náðu svo samningi 7. janúar og verkfallsaðgerðum sem staðið höfðu frá 27. október var aflýst. Skurðlæknar sömdu 8. janúar en hjá þeim höfðu verkfallsaðgerðir staðið yfir í tíu vikur.

Þannig var staðan þegar viðræður á almenna markaðnum hófust upp úr miðjum janúar. Í febrúar hafði hvorki gengið né rekið í viðræðum og öll þjóðin að verða samningslaus. Í mars ágerðist umræða um verkföll, bæði hjá Starfsgreinasambandinu (SGS) og Bandalagi háskólamanna (BHM). SGS boðaði röð skæruverkfalla.

Fyrstu verkföll aðildarfélaga BHM hófust í aprílbyrjun, strax eftir páska. Starfsemi raskaðist enn á Landspítalanum, auk þess sem áhrif voru mikil á opinberar stofnanir. Matvælaeftirlit fór úr skorðum, kjötvörur fengust ekki í verslanir og bændur slátruðu á undanþágum. Um viku síðar bættist svo Starfsgreinasambandið í hópinn, en aðgerðir félaga þess náðu til um 10 þúsund manna um land allt.

Í lok apríl höfðu Flóabandalagið og VR slitið viðræðum við SA. Í verkfall stefndi hjá 56 þúsund manns til viðbótar. Um miðjan maí dró svo til tíðinda í viðræðum á almenna markaðnum og SGS frestaði boðuðum aðgerðum. Sama gerðu VR og samflotsfélög undir lok maí. Á sama tíma var allt í hnút hjá BHM og stefndi í að hjúkrunarfræðingar færu líka í verkfall, eins og varð raunin í lok maí.

Í maílok leystist hnúturinn á almenna markaðnum að mestu og samningar voru undirritaðir hver á eftir öðrum. 300 þúsund króna lágmarkslaun orðin að veruleika eftir þrjú ár. Þó dróst fram yfir sumarið að loka samningum við öll félög iðnaðarmanna.

Þegar kom fram í júní ágerðist umræða um lög á verkfall hjúkrunarfræðinga og BHM. Hjúkrunarfræðingar og fleiri innan heilbrigðisgeirans sögðu upp í stórum stíl. Lög voru svo sett á verkfallið 13. júní og gerðardómi gert að fjalla um kjör BHM og hjúkrunarfræðinga næðust samningar ekki fyrir 1. júlí. 23. júní skrifuðu hjúkrunarfræðingar undir samning, en hann var felldur. Í ágúst tapaði BHM endanlega máli sínu gegn ríkinu vegna verkfallsins þegar Hæstiréttur kvað upp þann dóm að setja hafi mátt lög á verkfallið. Daginn eftir úrskurðaði gerðardómur um kjör hópanna. Niðurstaðan kom á óvart að því leyti að tekið var tillit til krafna þeirra að miklu leyti. Félagsmenn voru almennt ánægðir með niðurstöðuna.

Um miðjan september hófust svo viðræður þriggja stærstu aðildarfélaga BSRB við ríkið. Þær fóru í hnút og endaði deilan með því að Sjúkraliðar og félagar SFR hófu verkfallsaðgerðir 15. október. Lögreglumenn, sem með voru í viðræðunum, hafa ekki verkfallsrétt, en nýttu rétt sinn til funda, veiktust sumir og hættu að beita sektum í umferðinni. Enn voru áhrif mikil. Starfsemi stofnana röskuðust, sér í lagi Landspítalans, eina ferðina enn. Tafir urðu í Leifsstöð.



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra mætir til ríkisstjórnarfundar í stjórnarráðshúsinu á meðan á verkföllum SFR og SLFÍ stóð núna í haust. Mótmæli og samstöðufundir fólks í kjarabaráttu voru tíð allt árið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tímalína kjaradeilna

**6. janúar** Framkvæmdastjóri SA segir svigrúm til launahækkana á árinu ekki meira en þrjú til fjögur prósent.

**7. janúar** Skrifað undir samning ríkisins og Læknafélags Íslands

**8. janúar** Skurðlæknar semja við ríkið.

**27. janúar** SA segja kröfugerð SGS fráleita. Krafan er um að lægstu laun hækki í 300 þúsund krónur innan þriggja ára.

**17. mars** SGS boðar röð skæruverkfalla og síðan allsherjarverkfall frá 12. maí.

**6. apríl** Verkföll fimm félaga BHM úrskurðuð lögleg. Aðgerðir hefjast.

**17. apríl** Ákvörðun um að hækka laun stjórnar HB Granda hleypir illu blóði í kjaraviðræður.

**28. apríl** Framleiðendur kjúklingakjöts hafa fengið undanþágu til slátrunar á meðan á verkfalli dýralækna stendur til þess að tryggja velferð fuglanna. Kjötið geymt í frysti.

**30. apríl** Rúmlega 10 þúsund manns hófu verkfall á landsbyggðinni á hádegi.

**6. maí** Upp úr viðræðum félaga iðnaðarmanna við SA slitnar.

**9. maí** Landlæknir vill stöðva verkföll innan heilbrigðiskerfisins með lögum.

**11. maí** Hjúkrunarfræðingar samþykkja verkfall.

**21. maí** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varar við áhrifum verkfallanna.

**27. maí** Verkfall hjúkrunarfræðinga hefst. Skurðdeildum lokað og sjúklingar sendir heim.

**29. maí** Ríkisstjórnin kynnir aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga.

**29. maí** Skrifað undir samning VR, Flóabandalagsins, LÍV og Stéttarfélags vesturlands. Lágmarkslaun 300 þúsund í maí 2018.

**10. júní** Viðræðum hjúkrunarfræðinga og ríkisins slitið án árangurs.

**11. júní** Ríkisstjórnin samþykkir að setja lög á verkföll.

**12. júní** Alþingi ræðir lagasetningu á verkfall stétta innan heilbrigðiskerfisins. Frumvarp samþykkt daginn eftir.

**23. júní** Samningafundir BHM og ríkisins árangurslaus, en hjúkrunarfræðingar skrifa undir nýjan samning.

**30. júní** Uppsagnir hjúkrunarfræðinga halda áfram: 200 sagt starfi sínu lausu.

**15. júlí** Atkvæðagreiðslu iðnaðarmanna um kjarasamning lokið. Aðrir en VM samþykkja. 88 prósent hjúkrunarfræðinga fella sinn samning.

**13. ágúst** BHM tapar máli sínu gegn ríkinu fyrir Hæstarétti. Setja mátti lög á verkfallið.

**14. ágúst** Gerðardómur kveður upp úrskurð sinn um kjör BHM og hjúkrunarfræðinga.

**30. september** SLFÍ og SFR samþykkja verkföll.

**15. október** Aðgerðir SLFÍ og SFR hefjast. Tafir í Leifsstöð.

**27 október** Niðurstaða í viðræðum SALEK-hópsins.

**28 október** Samningar náðust í kjaradeilu sjúkraliða, SFR og lögreglumanna við ríkið.

**19. nóvember** Lögreglumann samþykkja samning með miklum naumindum.

**19. nóvember** Kjararáð hækkar laun ýmissa embættismanna um 9,3 prósent, afturvirkt frá 1. mars.

**2. desember** Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lokið helmingi samninga.

**300** þúsund krónur verða lágmarkslaun árið 2018

**» Fyrstu verkföll aðildarfélaga BHM hófust í aprílbyrjun, strax eftir páska.**

**» Lög voru sett á verkfall hjúkrunarfræðinga og félagsmanna BHM 13. júní og gerðardómi gert að fjalla um kjör þeirra.**

Með því að samkomulag náðist svo í svonefndum SALEK-hópi um breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga komst svo skriður á viðræður við BSRB-félögin. SALEK lauk sínu starfi 27. október og daginn eftir var kominn á samningur við sjúkraliða, SRF og lögreglumenn. Þeir voru samþykktir í nóvember, með naumindum þó hjá lögreglumönnum.

Við tóku svo viðræður sveitarfélaga við viðsemjendur sína og standa þær enn, þótt lokið hafi verið um helmingi samninga í lok nóvember.

Þótt ákveðinni lendingu hafi verið náð eru víða blikur á lofti. Pattstaða er í kjaradeilu starfsmanna ISAL við Rio Tinto Alcan á Íslandi, Verkalýðsfélag Akraness hefur sett sig upp á móti SALEK-samkomulaginu. Þá hafa bæði Alþýðusamband og SA áhyggjur af því hvort stjórnvöld ætli að standa við sitt í SALEK-samkomulaginu, svo sem varðandi lækkun tryggingagjalds. Í byrjun desember sagði fjármálaráðherra ekki svigrúm til að lækka það á nýja árinu. Og nú í desember slitnaði upp úr viðræðum sjómanna við útgerðarmenn. Þeir ræða milli jóla og nýárs hvort fara eigi í hart. Það er efni í næsta annál.

## Árið 2015

**7. janúar**
Íslendingar slegnir yfir mannskæðri árás hryðjuverkamanna á ritstjórnarskrifstofur franska skopritsins Charlie Hebdo. Formaður Félags íslenskra múslima fordæmir morð „framin af geðsjúklingum í nafni íslams“.

**16. janúar**
Upplýst að Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra og þingmaður Samfylkingarinnar, hafi látið af störfum sem sveitarstjóri Ásahrepps. Sagður hafa verið ráðinn annar ritstjóri netmiðilsins Herðubreiðar. Tveimur dögum síðar upplýsir Fréttablaðið að hann hafi verið rekinn vegna fjármálaóreiðu í störfum sínum. Björgvin ber fyrsta kastið af sér ásakanir um fjárdrátt, en síðan er frá því greint á vef Herðubreiðar, 19. janúar að hann sé á leið í meðferð og taki ekki við starfinu hjá vefnum.

**12. febrúar**
Dómur fallinn í Al-Thani-málinu í Hæstarétti: Þungur dómur yfir Hreiðari Má staðfestur. Dómur yfir Sigurði Einarssyni mildaður en dómar Ólafs Ólafssonar og Magnúsar Guðmundssonar þyngdir. Sigurður fékk 4 ára dóm, Hreiðar Már Sigurðsson 5 og hálft ár, Magnús Guðmundsson 4 og hálft, sem og Ólafur Ólafsson.

**14. febrúar**
Kona fædd 1959 í haldi lögreglu vegna mannsláts í Hafnarfirði. Maðurinn sem er látinn var rúmlega fertugur. Hann hafði verið stunginn. Fólkið var sambýlisfólk. Konan, Danuta Kaliszewska, var svo 10. júlí dæmd í 16 ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness. Hæstiréttur staðfesti dóminn í byrjun desember.

**5. mars**
Forsetaembættið greinir frá því á fréttavef sínum að sendiherra Sádi-Arabíu hafi tilkynnt forseta að landið ætli að styðja byggingu mosku hér á landi um 135 milljónir króna.

**20. mars**
Sólmyrkvi. Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness í samvinnu við Hótel Rangá stóð fyrir því að grunnskólabörn landsins, 45 þúsund talsins, fengju gefins sólmyrkvagleraugu. Slík gleraugu seldust annars upp á landinu og skólastjórar fengu tilboð í gleraugu barnanna. Rafsuðugler seldust upp í BYKO. Víða kom fólk saman til að fylgjast með sólmyrkvanum.

**21. apríl**
Náttúrupassinn er dauður á Alþingi. Frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra um náttúrupassa verður ekki afgreitt frá Alþingi. Ráðherra skoðar aðrar hugmyndir.

**22. apríl**
Ekki er unnið að afnámi verðtryggingar í fjármálaráðuneytinu, þrátt fyrir orð forsætisráðherra um annað. Lenging lágmarkstíma verðtryggðra lána í tíu ár og stytting úr 40 í 25 ár er til skoðunar.

**6. maí**
Hrekkti sjálfstæðismenn: Tók frá borð Sjálfstæðisflokksins í mötuneyti þingmanna fyrir Pírata. Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, brá á það ráð að hrekkja félaga sína í Sjálfstæðisflokknum á dögunum, eftir að Píratar mældust stærsti flokkur landsins. „Frátekið fyrir Pírata (30%),“ stóð á miðanum sem hann setti á borðið. Nútíminn greindi frá og sagði gríninu hafa verið tekið vel.

Framhald á næstu síðu ▶



**JÓLAOPNUN**

| | |
|---|---|
| 28. DES | 11.00–18.30 |
| 29. DES | 11.00–18.30 |
| 30. DES | 11.00–18.30 |
| 31. DES | LOKAÐ |
| 01. JAN | LOKAÐ |

GLÆSILEGT ÚRVAL
Á PIER.IS




Vertu vinur okkar á Facebook

# 20% AFSLÁTTUR
# AF GLÖSUM OG STELLUM

Verð frá 552,- með afslætti



GILDIR 28.–30. DESEMBER






## 70% AFSLÁTTUR
## AF JÓLAVÖRU

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is



Arjan Lalaj, sem er með meðfæddan hjartagalla, kom hingað til lands með fjölskyldu sinni. Þau hafa nú fengið dvalarleyfi og eru á leið til landsins. MYND/STÖÐ 2

# Flóttamannamál í forgrunni

Tekist hefur verið á um móttöku flóttafólks og brottvísanir. Hátt í 20 þúsund manns skráðu sig á viðburð á Facebook þar sem Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra var brýnd til verka. Von á 55 manns til Íslands.

Hátt í tuttugu þúsund manns skráðu sig á Facebook-viðburð Bryndísar Björgvinsdóttur „Kæra Eygló – Sýrland kallar“ í lok ágúst og sýndi með því vilja sinn til þess að leggja lóð sitt á vogarskálar við móttöku flóttamanna hingað til lands.

Markmiðið með viðburðinum var að sýna stjórnvöldum að Íslendingar væru til í að taka á móti fleiri flóttamönnum en ráðgert hafði verið. Fjöldi manns bauðst til að aðstoða þá flóttamenn sem hingað kæmu og bauð fólk fram alls konar aðstoð.

Um tveimur vikum eftir að „Kæra Eygló“ lauk tilkynnti ríkisstjórnin að hún hygðist verja tveimur milljörðum króna til flóttamannamála á þessu ári og því næsta. Þá er von á 55 flóttamönnum frá Sýrlandi í janúar á næsta ári en þeir hafa dvalið í flóttamannabúðum í Líbanon.

Málefni annarra flóttamanna en frá Sýrlandi hafa líka farið hátt og þá sér í lagi brottvísanir fólks, svo sem frá Albaníu, en einnig fjölskyldu frá Sýrlandi sem hingað hafði komið frá Grikklandi. Þá hefur Útlendingastofnun verið harðlega gagnrýnd fyrir að sinna því ekki nægilega vel að fólk fái þá þjónustu sem því ber meðan mál þeirra eru til umfjöllunar, til dæmis að tryggja að börn fái inni í skóla á meðan.

**Mótmælt er að fólk skuli sent á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar til landa á borð við Grikkland og Ítalíu.**

**Brottvísanir fólks frá Albaníu voru áberandi í umræðunni. Einkum var mál Arjans litla áberandi í desember.**

Núna í desember fengu tvær albanskar fjölskyldur, sem sendar höfðu verið úr landi með börn sem stríða við langvinna og alvarlega sjúkdóma, sérstakt dvalarleyfi hér á landi. Brottvísan veiku piltanna vakti mikla reiði og efasemdir um að hér væri staðið við skuldbindingar á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þá hefur því verið mótmælt að fólk skuli á grundvelli svonefndrar Dyflinnarreglugerðar sent aftur til landa á borð við Ítalíu, Grikkland og Ungverjaland, þar sem vitað sé að öryggi þeirra og velferð séu ekki tryggð.

# Ráðherra í skugga fjárhagslegra tengsla við fyrirtæki

Umfjöllun um möguleg hagsmunatengsl Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra við einkafyrirtækið Orku Energy hófst í byrjun apríl. Illugi segir enga hagsmunaárekstra í tengslum við fyrirtækið. Upplýsingar um sig í hagsmunaskrá Alþingis séu úreltar. Greint er frá því að fulltrúar fyrirtækisins hafi tekið þátt í dagskrá ráðherra í vinnuferð hans til Kína í mars. Illugi starfaði hjá Orku Engergy þegar hann fór í leyfi frá þingstörfum eftir hrun, en segist á þessum tíma ekki hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta í tengslum við starfsemi fyrirtækisins.

Viku síðar, 13. apríl, er sérstök umræða á Alþingi um ferð mennta-málaráðherra til Kína. „Eins og verið sé að gera það tortryggilegt að menn vinni hjá einkafyrirtækjum,“ segir Illugi þá. 26. apríl greinir Illugi svo frá því í viðtali við RÚV að hann leigi húsið sitt af Hauki Harðarsyni, stjórnarformanni Orku Energy. Íbúðina seldi hann félagi Harðar 23. júlí 2014. Afhendingardagur var skráður mun fyrr, 31. desember 2013. Ýmsir fjölmiðlar gera í framhaldinu og næstu vikur og mánuði tilraunir til að fá frekari svör um málið.

7. október ritar Páll Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóri, grein í Fréttablaðið um Illuga og Orku Energy og segir pólitíska spillingu ekki verða augljósari en í máli ráðherrans. Hann hafi beðið um og fengið persónulegan fjárstuðning frá aðila sem hann síðan veitti pólitíska fyrirgreiðslu vegna viðskiptahagsmuna í Kína.

**Það að líta á sölu íbúðarinnar sem einhvers konar fjárframlag eða peningagjöf, það bara stríðir gegn allri almennri skynsemi.**

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra

Í stóru viðtali við Fréttablaðið daginn eftir, 8. október, vill Illugi ekki svara spurningum um meint þriggja milljóna króna lán sem Stundin hefur heimildir fyrir að ráðherrann hafi þegið frá Orku Energy. Hann ætli ekki að opna heimabanka sinn fyrir blaðamönnum.

Í viðtalinu segir hann þó mistök hafa verið að upplýsa ekki strax um allt. Þau hjónin hafi verið í þeirri stöðu að þurfa að grynnka á skuldum. „Það að líta á sölu íbúðarinnar sem einhvers konar fjárframlag eða peningagjöf, það bara stríðir gegn allri almennri skynsemi og síðan hitt að ég hafi einhvern veginn veitt þessu fyrirtæki óeðlilega pólitíska fyrirgreiðslu,“ segir Illugi í viðtalinu. Hann tók fram að það væri ekkert fararsnið á sér úr pólitíkinni.



Illugi sagði það mistök að hafa ekki upplýst um allt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**14. maí**
Kirkjuþing unga fólksins ályktar um að samviskufrelsi presta verði afnumið hjá Þjóðkirkjunni. Prestar mega neita samkynja pörum um hjónavígslu á grundvelli sinnar eigin samvisku. Sigurvin Lárus Björnsson æskulýðsprestur segir stöðuna slæma.

**8. júní**
Alþingi herðir lög um gjaldeyrishöft. Fyrirbyggjandi aðgerð til að koma í veg fyrir peningaútstreymi áður en afnám hafta hefst. Forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra kynna áætlun vegna afnáms gjaldeyrishafta.

**10. júní**
Dularfullur fjárdauði um allt land til rannsóknar. Léleg hey hafa verið talin ástæða þess að ær drepast í hrönnum og hundruð lamba komast ekki á legg. Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda segir ástandið alvarlegra en fyrr var talið. Útilokar ekki að gosið í Holuhrauni hafi orsakað dauða kindanna.

**17. júní**
Mótmæli settu svip sinn á hátíðahöld á Þjóðhátíðardaginn. Meðal annars var mótmælt vanhæfri ríkisstjórn og ástandi heilbrigðiskerfisins. Skemmdu fyrir börnum sögðu sumir þeirra sem ekki töldu við hæfi að nýta tækifærið til mótmæla.

**25. júní**
Hvassahraun talið besti staðurinn undir nýjan innanlandsflugvöll. Áætlaður stofnkostnaður 22 til 25 milljarðar. Breytingar á vellinum í Vatnsmýri sagðar kosta 18 til 32 milljarða.

**1. júlí**
Menn kunna engar skýringar á plágu lúsmýs í Kjósinni. Erling Ólafsson skordýrafræðingur segir hingaðkomu lúsmýs á við góðan reyfara – engar skýringar liggja fyrir hvers vegna plágan gaus upp beggja vegna Hvalfjarðar. Fólk bitið víðar, meðal annars í Mosfellsbæ, Grafarvogi, Fossvogi, Kópavogi og Hafnarfirði. Fólki ráðlagt að setja upp viftu, því mýið þoli illa blástur.

**7. júlí**
Einn fórst þegar bátur sökk á Ísafjarðardjúpi. Þremur var bjargað. Sjálfvirkur búnaður björgunarbáta virkaði ekki.

**15. júlí**
Gestir á Þingvöllum kúka við grafreiti Einars Ben og Jónasar Hallgrímssonar. „Við leiðsögumenn erum í því að afsaka gerðir stjórnvalda í hvert sinn sem við komum á þessa staði,“ segir Helgi Jón Davíðsson leiðsögumaður um ástand salernismála á ferðamannastöðum.

**1. ágúst**
Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, kallar eftir því að Ísland láti af stuðningi við viðskiptaþvinganir á hendur Rússum. Hér séu of mikilvægir hagsmunir undir í ljósi aukinna líka á að Rússar loki á viðskipti við landið vegna þessa. Utanríkisráðherra og fleiri hafna þessum rökum. Smáríki eins og Ísland eigi allt undir því að lönd virði alþjóðalög og -samþykktir. Rússar setja svo viðskiptabann á Ísland 13. ágúst. Sjávarútvegsfyrirtæki verða fyrir tekjutapi vegna örðugleika við að finna nýja markaði, svo sem fyrir makríl.

**20. ágúst**
Menntamálastofnun gagnrýnir kennsluefnið Byrjendalæsi sem notað er í lestrakennslu. Segir þá nemendur standa verr á samræmdum prófum þar sem námsefnið sé notað. Forsvarsmenn miðstöðvar skólaþróunar hafna því að kennsluaðferðir Byrjendalæsis hafi orðið til þess að lesskilningi nemenda hafi hrakað.

Framhald á næstu síðu



Alvöru
FLUGELDAR
...og þú heyrir, finnur og sérð svo sannarlega muninn!
TILBOÐ
600 skota
6.500
14.900
Vöruauki
ÞÝÐIR AÐ ÞÚ FÆRÐ MEIRA!
XXL PAKKINN
25.900
Fáðu meira fyrir peninginn!
Ef þú kaupir fyrir 20.000 færðu 20% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 30.000 færðu 30% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 50.000 færðu 40% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 60.000 færðu 50% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 100.000 færðu 60% meiri vöru að auki!*
*Gildir LÍKA á fjölskyldupökkum og öðrum tilboðum!
7.900
3 TOMMU AÐEINS
2.900 stk
3. VINNINGUR
FM957
Dreginn út í dag
SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS NÚNA Á www.fm957.is
1. VINNINGUR
FM957
Dreginn út miðv.d.
XXL PAKKINN
SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS NÚNA Á www.fm957.is
2. VINNINGUR
FM957
Dreginn út þriðjud
XXL PAKKINN
SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS NÚNA Á www.fm957.is
VERÐMÆTI
50.900.-
Partybox 80 skota 6.900 kr, Wietnam 36 skota 8.900 kr, Risapakkinn 19.900 kr, Hvellir 25 skota 2.200 kr, 25s Cake 2.200 kr, Roundcake 13 skota 2.900 kr, Rakettu pakki 7.900 kr
VERÐMÆTI
207.700.-
New Effect 150 skota(minni) 39.900 kr, Pink Cadillac 36 skota 8.900 kr, Wietnam 36 skota 8.900 kr, Missiles 600 skota 6.900 kr, Montecristo 16 skota 2.900 kr, Flower Exhibition 100 skota 7.900 kr, Partybox 80 skota 6.900 kr, Hvellir 25 skota 2.200 kr, 25s Cake 2.200 kr, Roundcake 13 skota 2.900 kr, Happy go Lucky 19 skota 4.900 kr, Punto Amarillo 19 skota 6.900 kr, Serenade 81 skota 18.900 kr, Hot Shot 56 skota 14.900 kr, XXL Fjölskyldupakki 25.900 kr, Gullregn og Hvellir 100 skota 22.900 kr, 2 stykki af Miðnætur rakettu 7.800 kr, Crackling Sky 49 skota 15.900 Kr
VERÐMÆTI
105.300.-
Missiles 600 skota 6.900 kr, 2 stykki af Miðnætur rakettu 7.800kr, Hot Shot 56 skota 14.900 kr, Serenade 81 skota 18.900 kr, XXL Fjölskyldupakki 25.900 kr, Round Cake 13 skota 2.900 kr, Punto Amarillo 19 skota 6.900 kr, Pink Cadillac 36 skota 8.900 kr, Happy go Lucky 19 skota 4.900 kr, 25s Cake 2.200 kr, Montecristo 16 skota 2.900 kr, Hvellir 25 skota 2.200 Kr
★ Opnunartími:
28. des. frá kl. 10:00 - 22:00
29. des. frá kl. 10:00 - 22:00
30. des. frá kl. 10:00 - 22:00
31. des. frá kl. 10:00 - 16:00
SÖLUSTAÐIR OKKAR ERU:
Skeifan 19
(við hliðina á Myllunni)
Einar 899 6005
Lækjargata 2
(áður videóleiga)
Emil / Guðni 694 4150
Bæjarlind 14-16
(verslunin Persía)
Jóhann & Ragnar 690 7424
Smiðjuvegur 6
(Beint á móti Íspan)
Hrafnhildur 867 2112
Vitinn, Oddeyrarbryggju
(við Eimskip)
Steinar 694 9021
SKOÐAÐU VIDEO AF FLUGELDUNUM Á HEIMASÍÐU OKKAR WWW.FLUGELDAR.COM

Vertu eins og heima hjá þér



Nýtt blað er komið í dreifingu
Þú finnur blaðið á www.husgagnahollin.is



ELLY
Þriggja sæta sófi.
Litir: Ljós- og dökkgrár bleikur, blár og grænn.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

99.990 kr.



KAMMA
Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Dökk-, ljósgrátt eða brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 201 x 84 x :105 cm

89.990 kr. Afmælisverð



MANCHESTER
Tungusófi XL. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 300 x 160 x 70 cm

179.990 kr. ~~269.990 kr.~~



PEOPLE
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dúnfylling í sessu. Grábrúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 402 x 222/166 x 87 cm.

369.990 kr. ~~459.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1




Vandræði Strætó vegna þjónustu við fatlaða náðu hámarki í byrjun ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ferðaþjónusta fatlaðra stóðst ekki væntingar

## Fatlað fólk og aðstandendur þess kvörtuðu undan þjónustunni hjá Strætó.

Fyrir áramót kom upp röð mistaka hjá Strætó í þjónustu við fatlaða. Í nóvember var talið um byrjunarörðugleika að ræða. Borgin baðst afsökunar á málinu um miðjan desember.

Áttunda janúar var svo frá því greint að fatlaður maður hefði verið skilinn eftir af ferðaþjónustu fatlaðra. Bílstjóri vildi bara ferja annan af fjölfötluðum bræðrum sem biðu fars og voru á leið á sama stað. „Strætó biðst afsökunar á óþægindum sem notendur akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu hafa orðið fyrir,“ sagði í yfirlýsingu sem Strætó sendi frá sér.

Nokkrum dögum síðar sagði móðir fjölfatlaðs manns ástandið lífshættulegt hjá Ferðaþjónustu fatlaðra og átaldi réttargæslumenn fyrir að beita sér ekki í málum sem tengjast ferðaþjónustunni.

**Stjórn Strætó sagði ljóst að margt hefði farið úrskeiðis í framkvæmd og innleiðingu breytinga á þjónustunni um áramótin.**

Fjórða febrúar tók svo steininn úr þegar 18 ára fjölfötluð stúlka sem leitað var að fannst í bifreið á vegum ferðaþjónustu fatlaðra fyrir utan heimili verktaka sem sinnti akstrinum. Í kjölfarið var neyðarstjórn sett yfir þjónustu Strætó við fatlaða, en hana leiddi Stefán Eiríksson fyrrverandi lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Nokkurn tíma tók að ná tökum á ástandinu og frásagnir og umkvartanir fatlaðs fólks vegna þjónustunnar fóru nokkuð hátt í opinberri umræðu. Þá urðu enn nokkur atvik í þjónustinni. Tíunda febrúar var mjög faltaður maður skilinn eftir á röngum stað og þann fimmtánda skilaði sér ekki heim ung stúlka. Hún fannst svo hjá nágrannakonu.

Í marsbyrjun skilaði neyðarstjórnin skýrslu með tillögum um úrbætur, svo sem um að auka þjálfun bílstjóra til muna og gera þjónustuna einstaklingsbundnari. Þá hafi verkefnið ekki verið til þess fallið að setja í útboð, líkt og gert var.

Heldur var hljóðara um þjónustuna í sumar, en í haust kom upp eitt mál enn þegar níu ára einhverfur drengur var skilinn eftir á bílaplani við matvöruverslun í nágrenni við heimili sitt, í stað þess að honum væri ekið beint heim eftir skóla.

# Kaldir vindar blésu

Fyrstu fimmtíu dagar ársins 2015 eru þeir vindasömustu frá árinu 1995 með meðalvindhraða upp á meira en 10 metra á sekúndu. Fyrri part árs og fram á vor var enda algengt að fólk lenti í vandræðum vegna veðurs á ferðum sínum og björgunarsveitir höfðu nóg að gera.

Í febrúar og fram í mars gengu oft yfir illviðri og þau fáheyrðu tíðindi gerðust að Reykjanesbraut var lokað. Fyrri part ársins gekk þó líklega mest á um miðjan mars þegar vindur fór í 55 metra á sekúndu í hviðum. Skólahaldi var aflýst á Suðurlandi og vegir lokuðust um allt Suðurland. Víða var rafmagnslaust og rýma þurfti hús fyrir vestan. 300 björgunarsveitarmenn voru að störfum um land allt.

Lægðagangur hélt áfram fram á vormánuði, þótt hvassviðri næði ekki sömu hæðum og þegar verst lét um veturinn. Veður var kalt og maímánuður sá kaldasti frá 1982.

Í lok nóvember tók veður svo við sér á ný svo um munaði og færð spilltist víða um land og þannig var það fyrstu dagana í desember. Fyrir fyrstu helgi mánaðarins bætti í veðrið, þótt það dytti niður á sunnudegi. Það var lognið á undan storminum því 7. þessa mánaðar gekk yfir hvassviðri af því tagi sem ekki kemur nema á um tveggja áratuga fresti. Var það mál manna að bera mætti það saman við veður sem gekk yfir 1991.



Björgunarsveitarmenn að störfum við að hemja fleygan ruslagám í ofsaroki á höfuðborgarsvæðinu í byrjun desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Tveir bátar sukku í Reykjavíkurhöfn í óveðrinu í desember, en eignatjón var mest í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Engin meiðsl urðu á fólki.**

Velflestum vegum var lokað þegar leið á daginn og náðu lokanir Vegagerðarinnar til allra landshluta. Stormurinn var kallaður Diddú. Rafmagn fór af víða um land og sums staðar var rafmagnslaust fram á næsta dag, svo sem á hluta Akureyrar og á Vesturlandi. Hættustigi var lýst yfir í Vestmannaeyjum en þar fauk veðurmælir. Veðurmælir eyðilagðist líka á Steinum undir Eyjafjöllum. Hámarksmeðalvindhraði sem mældist var 50,94 metrar á sekúndu, sem stappar nærri meti á landinu.

**15. september**
Borgarstjórn samþykkir tillögu Bjarkar Vilhelmsdóttur, fráfarandi borgarfulltrúa, um sniðgöngu borgarinnar á vörum frá hernámssvæðum Ísraels í Palestínu. Samþykktin er harðlega gagnrýnd í framhaldinu og á endanum dregin til baka 22. september.

**29. september**
Sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi skora á Ólöfu Nordal að bjóða sig fram í embætti varaformanns flokksins á móti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Daginn eftir kemur sambærileg áskorun frá tíu forystumönnum innan flokksins. Að kvöldi fyrsta október sendi Hanna Birna Kristjánsdóttir flokksfélögum sínum bréf um að hún gæfi ekki kost á sér í embættið áfram. 3. október býður Ólöf sig fram.

**22. október**
Eftir áralanga baráttu fær Jón Gnarr loks að breyta nafni sínu úr Jón Gnarr Kristinsson í Jón Gnarr.

**23. október**
Manndráp við í búsetukjarna geðfatlaðra við Miklubraut. Hinn grunaði er á fertugsaldri. Lögregla hefur lagt hald á eggvopn sem talið er að hafi verið notað við verknaðinn. Maðurinn sem lést var á sextugsaldri. Báðir voru búsettir á staðnum. Árásarmaðurinn var í framhaldinu vistaður á viðeigandi stofnun.

**31. október**
Kirkjuþing samþykkti mótatkvæðalaust að opinberum embættismönnum þjóðkirkjunnar væri óheimilt að synja tveimur einstaklingum um hjónavígslu á grundvelli kynhneigðar þeirra. Ákvörðunin kemur í kjölfar umræðu í septemberlok þegar Samtökin '78 hugleiddu málshöfðun þar sem ekkert kæmi í veg fyrir að samkynja pörum væri mismunað innan kirkjunnar.

**2. nóvember**
Undirbúningsaðgerðir við að koma sanddæluskipinu Perlu, sem sökk í Reykjavíkurhöfn 2. nóvember, á flot hófust í morgunsárið daginn eftir, en gengu brösulega. Eftir nokkrar atrennur náðist skipið úr kafi 16. nóvember.

**10. nóvember**
Tveir menn létust þegar kennsluflugvél Flugskóla Íslands brotlenti í hrauninu vestan Kleifarvatns. Mennirnir voru kennarar við Flugskólann.

**30. nóvember**
Zúistar eru nú orðnir eitt af stærstu trúfélögum landsins og hefur þeim fjölgað um ríflega þúsund á tveimur vikum. Yfirlýst markmið zúista er að vinna að því að sóknargjaldakerfið verði afnumið og leggja félagið síðan niður þegar því markmiði er náð.

**2. desember**
Allt bóluefni gegn árlegri inflúensu er uppurið í landinu. Nýrrar sendingar er beðið.

**9. desember**
Hjúkrunarfræðingurinn Ásta Kristín Andrésdóttir var sýknuð af ákæru ríkissaksóknara fyrir manndráp af gáleysi í Héraðsdómi Reykjavíkur að morgni 9. desember. Var Ásta Kristín sökuð um yfirsjón í starfi sem leiddi til dauða sjúklings á gjörgæsludeild Landspítalans 3. október árið 2012. Ásta Kristín táraðist þegar niðurstaðan var ljós sem og nánasta fólk hennar og samstarfsfólk. „Þriggja ára martröð lokið,“ sagði hún. Fjölmenni var í héraðsdómi þegar dómurinn var kveðinn upp og brutust út fagnaðarlæti eftir uppkvaðninguna.

# Mótmælt við lögreglustöð vegna kynferðisbrotamála

Umræða um kynferðisbrot og kynbundið ofbeldi fór hátt á árinu.

Í janúar var kynnt skýrsla sem unnin var í samvinnu við innanríkisráðuneytið þar sem persóna dómara og reynsla var sögð skipta máli við meðferð þeirra á nauðgunar- og kynferðisbrotamálum. Niðurstöður í málaflokknum sagðar „dómarahappdrætti“.

Þá vakti athygli og umtal þegar Hæstiréttur felldi á skömmum tíma úr gildi þrjú nálgunarbönn á höfuðborgarsvæðinu yfir mönnum sem beitt höfðu maka sína ofbeldi. Undir lok febrúar afhentu fulltrúar sjö samtaka um réttindi kvenna Ólöfu Nordal innanríkisráðherra áskorun varðandi stöðu mála um nálgunarbann.

Þá náðu flugi átök á samfélagsmiðlum sem miðuðu að valdeflingu kvenna og því að auka kynfrelsi þeirra. Þar á meðal er átakið #freethenipple sem hófst í lok mars. Það vakti heimsathygli og hélt áfram fram á sumar. Í Facebook-hópnum Beauty Tips deildu konur líka reynslusögum af kynferðisofbeldi.

Tvö mál vöktu þó sérstaklega mikla athygli, annars vegar sýknudómur yfir fimm piltum sem ákærðir voru fyrir hópnauðgun í Breiðholti í maí 2014, og hins vegar tvær kærur á hendur tveimur mönnum vegna meintra nauðgana í íbúð í Hlíðunum. Bæði mál eru enn fyrir dómstólum, því sýknudómnum var nú í lok árs áfrýjað til Hæstaréttar. Hitt er enn í rannsókn lögreglu.

Mikil reiði blossaði upp meðal fólks vegna þessara tveggja mála og var boðað til mótmæla bæði við lögreglustöðina á Hverfisgötu og við Héraðsdóm Reykjavíkur. Við lögreglustöðina var því mótmælt að mennirnir tveir í Hlíðamálinu skyldu ekki hafa verið settir í gæsluvarðhald og við héraðsdóm var nokkrum sýknudómum í kynferðisbrotamálum mótmælt.




**Frá fjölmennum mótmælum við lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Fokið á ís á tóman maga



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Gleðilega hátíð kæru landsmenn nær og fjær. Þess er að sönnu óskandi að sem allra flestir hafi notið síðustu daga sem allra best. Margir voru efalítið boðnir í jólaboð til ættingja eða vina og aðrir voru svo þróttmiklir að þeir tóku að sér að halda slík boð með öllu því umstangi, tilkostnaði og vinnu sem til þarf. Það felur nefnilega í sér umtalsverða vinnu og fyrirhöfn að bjóða fjölda fólks inn á heimili sitt, veita vel í mat og drykk og reyna að sjá til þess að allir njóti stundarinnar sem best. Og flest höfum við þá bjargföstu trú, sem þarf ekki að verða okkur að prætuepli eins og þjóðkirkjan, að Íslendingar séu höfðingjar heim að sækja. Gestrisin þjóð í harðbýlu landi. Eða hvað?

Þjóðin að minnsta kosti keppist við að bjóða ferðamönnum til landsins allan ársins hring og þá ekki síst yfir hátíðarnar. Og sífellt fleiri leggja leið sína hingað norður á hjara veraldar til þess að sjá Íslendinga í innkaupaham undir leiftrandi norðurljósum á milli skotferða á Gullfoss og Geysi. Framundan er svo ein stærsta og brjálaðasta flugeldasýning sem fyrirfinnst í veröldinni þegar skoteldahamurinn ógurlegi rennur á okkur um áramótin.

Allir þessir ferðamenn skila okkur svo gríðarlegum tekjum með einum eða öðrum hætti þannig að einkaaðilar, ríki og sveitarfélög njóta góðs af. Vandinn virðist hins vegar vera sá að við tökum alls ekki nógu vel á móti þessu fólki. Við hvorki söltum né söndum gangstíga og þrep af því að við erum í fríi og svo er í ofanálag lítið að hafa í svanginn fyrir blessað fólkið á meðan hátíðin stendur sem hæst.

Álpist maður til þess að fylgjast með mannlífinu í miðborg Reykjavíkur yfir hátíðarnar þá er ekki laust við að maður skammist sín fyrir móttökurnar. Slyddublautir ferðamenn víðsvegar að fjúka stefnulaust eftir ísilögðum gangstéttum og það á tóman maga margir hverjir. Reykjavíkurborg virðist ekki telja að nokkur sála þurfi að komast á milli húsa yfir hátíðarnar, ef marka má hversu dapurlega því er sinnt að gæta að færðinni um borgina. Þá er ótalinn sá óþurftarfjári að borgarbúar skuli sumir hverjir vera að láta á það reyna að labba á milli húsa.

Eins og Sigurjón M. Egilsson benti á í Sprengisandi á Bylgjunni þá er staðan jafn dapurleg þegar kemur að því að veita svo fjölmennum ferðamönnum frambærilega þjónustu yfir hátíðarnar. Og það þátt fyrir að stofnuð hafi verið sérstök stofnun, Rannsóknarmiðstöð ferðamála, og ráðin maður á góðum launum til þess að veita stofnuninni forstöðu. En allt kemur fyrir ekki. Yfir helstu hátíðisdagana geta ferðamennirnir sem létu heillast af hugmyndinni um jólaborgina Reykjavík ekki fengið að borða.

Æ hvað það er aumt. En kannski er þetta einmitt lýsandi fyrir Ísland á alþjóðavettvangi þar sem við viljum alltaf fyrst og fremst vera þjóð sem þiggur. Þjóð sem þiggur aðstoð og undanþágur en treystir sér illa til þess að gera vel við aðra en sig og sína í besta falli.

**Slyddublautir ferðamenn víðs vegar að fjúka stefnulaust eftir ísilögðum gangstéttum og það á tóman maga margir hverjir.**

40.000
FBL
fréttaþyrstir notendur
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.
Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:
Download on the App Store
Download from Windows Store
Google play
FRÉTTABLAÐIÐ

## Halldór




## Frá degi til dags

**Afnám laga er atvinnumál**

**Það var ánægjulegt að sjá Ólafíu Rafnsdóttur, formann VR, vekja máls á því að lög um helgidagafrið væru barn síns tíma nú yfir hátíðirnar. Afnám þessara laga hefur verið sérstakt baráttumál frjálslynds fólks í gegnum tíðina. Lengst af var barist fyrir þessu af prinsippástæðum frekar en praktískum. En við núverandi aðstæður, þegar mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar er þjónusta við ferðamenn, má segja að afnám þessara laga sé orðið eitt af skilyrðum fyrir frekari uppbyggingu greinarinnar. Æ fleiri ferðamenn koma hingað til að dvelja yfir jól og áramót. Og afnám laganna yrði mikilvæg forsenda fyrir frekari eflingu þjónustu við þá. Afnám laganna er því allt í einu orðið atvinnumál.**

**Að missa spón úr aski**

**Nú er aftur hafin umræða um byggingu skrifstofuhúsnæðis Alþingis. Innan meirihlutans á Alþingi virðast menn vera sammála um að leiga á húsnæði undir skrifstofurnar sé það dýr að það borgi sig að byggja nýjar. Og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra virðist vera gallharður á því að nýja húsnæðið eigi að byggja eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar heitins arkitekts. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 á jóladag kom fram að núlifandi arkitektar virðast ekki par sáttir við það. Og lái þeim hver sem vill. Það er ábyggilega ekkert fútt í því að horft sé fram hjá manni og sótt sé í hugmyndir löngu liðins manns. jonhakon@frettabladid.is**

# 100 ár



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Á líðandi ári fögnuðum við öll 100 ára kosningarétti kvenna. Á næsta ári fögnum við 100 ára afmæli verkalýðshreyfingar og stjórnmálasamtaka jafnaðarmanna, Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins. Hvort er öðru tengt: Með kosningarétti fátækra karla og eignameiri kvenna skapaðist fyrst forsenda fyrir annars konar stjórnmálaflokkum en gömlum forréttindaflokkum. Stjórnmálahreyfing jafnaðarmanna er því afsprengi almennari kosningaréttar og nýs valds þeirra hópa sem fram að því höfðu verið hornreka í íslensku samfélagi. Það eru stjórnmál sem tengja saman skynsemi og réttlæti, hug og hjarta.

Í 100 ár höfum við barist fyrir stærstu framfaraskrefum íslenskrar þjóðar. Almenn lýðréttindi, vinnuvernd, almannatryggingar, atvinnuleysistryggingar, húsnæði, orlofsréttindi, lífeyrisréttindi, baráttan gegn kynbundnum launamun, aðgangur allra að menntun og heilbrigðisþjónustu, frjáls samkeppni og barátta gegn einokun og hringamyndun og opnun milliríkjaviðskipta: Allt hafa þetta verið baráttumál jafnaðarfólks í heila öld.

Íslenskt samfélag er óþekkjanlegt frá því sem var fyrir 100 árum síðan og ekki síst fyrir baráttu jafnaðarfólks og verkalýðshreyfingar. En verkefnin verða áfram til. Ný tækni og opin landamæri hafa aukið möguleika fyrir venjulegt fólk til aukinna áhrifa, en þau hafa líka dregið úr félagslegri samstöðu og ýtt undir efnalega misskiptingu. Forréttindaklíkur reyna enn sem fyrr að byggja múra um íslenskt efnahagslíf til að verjast samkeppni og skammta launafólki þannig lakari kjör en bjóðast í nágrannalöndunum. Svar jafnaðarfólks er enn sem fyrr opnun landamæra og samstaða með meðbræðrum og systrum um allan heim. Við trúum því enn sem fyrr að það sé betra að bæta hag allra en byggja múra í kringum okkur sjálf.

Jafnaðarstefna 21. aldarinnar mun snúast um að nýta það einstaklingsfrelsi sem lýðræði, tækniframfarir og opnun landamæra hafa gert mögulegt, án þess þó að fórna því frelsi frá skorti og fátækt sem okkur tókst að auka í krafti almennrar samstöðu á liðinni öld. Með hug og hjarta berjumst við áfram fyrir tækifærum fyrir alla og réttlátri skiptingu landsins gæða.

**Með hug og hjarta berjumst við áfram fyrir tækifærum fyrir alla.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Grýla

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Af einhverjum ástæðum er Grýla mér hugstæð nú um þessar mundir. Kannski er það árstíminn. Ég rek út nefið seint um kvöld – út í myrkrið og kuldann – og ég skynja nærveru hennar þarna úti einhvers staðar; gott ef ég heyri ekki jafnvel einmanalegt hófatak í fjarska, og surgandi andardrátt þar sem hún paufast um í myrkrinu í leit að hræddum sálum til að nærast á.

**„Hún er sig svo ófríð …“**

Ég get þó ekki sagt að ég þekki Grýlu og hvað þá að ég hafi hana séð, eins og séra Stefán Ólafsson prestur í Vallarnesi, sem orti um hana þekktasta Grýlukvæðið á 17. öld.

Maður þekkir bara þessa mynd í Vísnabókinni, eftir Halldór Pétursson. Sú mynd sýnir fremur ófríða konu með flírulegt glott á andlitinu, sennilega nokkuð illa innrætta en umfram allt misheppnaða og heimskulega á svip. Halldór var svo indæll teiknari og jákvæður að honum var um megn að koma allri þessari illsku fyrir í einni mynd; hann var bestur í að teikna hesta og börn, helst saman á einni mynd.

Grýla er með hófa og hala – sumir segja fimmtán hala – og á hverjum hala eru ótal belgir þar sem hún geymir börn. Hún er líka með ótal hausa – séra Stefán í Vallarnesi segir þá þrjá en í Þjóðsögum Jóns Árnasonar stendur að Grýla hafi þrjúhundruð hausa og þrenn augu í hverjum haus til að skima eftir börnunum. Hún er með augu í hnakkanum, helblá. Hún er með kartnögl á hverjum fingri. Hún er með horn eins og geit. Hún er með eyru sem lafa niður á axlir og þau eru áföst við nefið. Hún er með hökuskegg iðandi af lús og tennur sem eru eins og ofnbrunnið grjót; bara tvær segir séra Stefán.

Og svo framvegis. Það væri ómaksins vert á dögum tölvumynda að reyna nú að draga upp meira sannfærandi mynd en er í Vísnabókinni af þessari fornógnarlegu ófreskju.

Það væri ómaksins vert á dögum tölvumynda að reyna nú að draga upp meira sannfærandi mynd en er í Vísnabókinni af þessari fornógnarlegu ófreskju.




Grýla hefur fylgt íslensku þjóðinni lengur en flestar aðrar vættir. Hún er mannæta eins og Leppalúði bóndi hennar, og er einkum sólgin í börn. Hennar er getið í Sturlungu og í Snorra-Eddu er nafn hennar að finna á meðal tröllkonuheita. Enda eru þau Leppalúði og Grýla tröll: allur heimurinn þekkir íslensku álfatrúna en á seinni tímum hefur hins vegar átrúnaður á tröll mjög látið undan síga hjá þjóðinni.

Tröllin standa fyrir eitthvað ævafornt í sambúð manns og náttúru; öfl sem manninum er ofviða að kljást við, þó að þau séu í sjálfu sér einföld og skiljanleg. Íslensk náttúrutrú er full af vættum og huldu lífi sem stendur fyrir eitt og annað sem þjóðin tjáði með sögum og ljóðum áður en menntun í náttúrufræði nam hér land með tilheyrandi innsýn í náttúrulögmál. Þessari trú fylgdu margvísleg víti: ekki gera þetta, ekki ganga hér, farðu aldrei þessa leið … og svo framvegis: þetta gildir sérstaklega um trúna á huldufólk með öllum sínum álagablettum en tröllin njóta hins vegar ekki sömu virðingar í frásögnum sem til eru af þeim: þau er stærri og grófari, einfaldari og fábrotnari í illsku sinni. Huldufólkið er blendnara, getur sýnt bæði gæsku og illsku.

**„Grýla – skítafýla …“**

En af einhverjum ástæðum er Grýla mér hugstæð um þessar mundir. Mér finnst ég stundum skynja anda hennar umhverfis mig. Hún hefur lifað af margar magrar aldir; alltaf á sínu róli meðan aðrar vættir týna tölunni smám saman. Oft hefur verið að henni sótt og heimildir eru um að Danir hafi reynt að fá Íslendinga ofan af því að hræða börn með þessum skelfingarsögum af Grýlu og hennar hyski; en allt kom fyrir ekki; Grýlutrúin hefur alltaf verið of römm hér til að unnt hafi verið af uppræta hana. Á því eru bara tvær skýringar: Sú fyrri er að Grýla sé hreinlega til og svo margt fólk hafi haft af henni persónuleg kynni að tilvist hennar sé á almanna vitorði – eða þá hitt, að Grýla standi fyrir eitthvað djúprætt og rótgróið í íslenskum hugarheimi.

Ég hallast að því síðarnefnda þó að ég sé svo sem alltaf reiðubúinn að trúa ósennilegum hlutum og vilji alls ekki þvertaka fyrir að til dæmis Þorgeirsboli sé einhvers staðar uppi á heiðum fnæsandi um í leit að sínum nautabana. Eins og gildir um vættir í átrúnaði sem enginn bjó beinlínis til heldur hefur vaxið fram úr þjóðardjúpinu er Grýla persónugervingur einhvers sem ekki verður betur tjáð með öðrum hætti. Hún er eyðingarafl. Hún er hugarástand. Hún er hið illa afl sem býr í okkur sjálfum, lygarnar, óheilindin, undanfærslurnar, sérgæskan – hún er hatrið sjálft. Hún er óttinn, hinar ljótu hugsanir um ókunnugt og alsaklaust fólk, fordómarnir, rasisminn. Af einhverjum ástæðum er Grýla mér hugstæð nú um þessar mundir; ég opna tölvuna og rek nefið sem snöggvast rétt út í internetið og er óðara farinn að heyra einmanalegt hófatak hennar og surgið í henni þar sem hún paufast um í sífelldri leit sinni að hræddum sálum til að nærast á.





Flug fyrir 2 með öllum notuðum Mercedes-Benz

Mercedes-Benz GLK er ríkulega búinn og einstaklega öflugur sportjeppi með mikla veghæð og dráttargetu upp á heil 2,4 tonn. Öllum notuðum GLK **fylgja vetrardekk** og þeir hafa staðist **þjónustuskoðun** fyrir veturinn.

Að auki fylgir **flug fyrir tvo með WOW Air** öllum notuðum Mercedes-Benz í eigu Öskju í desember. Tilboðið gildir fyrir bifreiðar að verðmæti 1,5 milljónir eða meira.

**GLK 220 4MATIC árgerð 2012,**
**ekinn 41 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Dráttarbeisli, inniljósapakki, krómpakki, Parktronic, hiti í framsætum, skyggðar rúður, Offroad pakki o.fl.

**Verð 5.890.000 kr.**
**Afb./mán. 55.300 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar 11,03%

Mercedes-Benz
The best or nothing.

**Flug fyrir 2** til Kaupmannahafnar, Berlínar, London eða Dublin.

Klettháls 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is.
Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16.

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR**



Diego Jóhannesson vill ólmur að komast í íslenska landsliðið og svo gæti farið að hann verði laus í vináttuleikina í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ætla að reyna að læra íslensku

**Spænski Íslendingurinn Diego Jóhannesson vill ólmur komast í íslenska landsliðið í fótbolta. Hann spilar með Real Oviedo í spænsku 2. deildinni og vonast til að komast á EM með strákunum okkar í sumar.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** „Ég hef aldrei búið á Íslandi en ég reyni að koma til Íslands oft og ég get. Síðast kom ég fyrir tveimur árum,“ segir Diego Jóhannesson, spænsk-íslenskur fótboltamaður sem spilar með Real Oviedo í 2. deildinni á Spáni, í viðtali við Fréttablaðið. Diego eyddi jólavikunni á Íslandi en hann fer af landi brott í dag.

Diego var í heimsókn hjá föður sínum, Jóni Þór Jóhannessyni, en móðir hans er spænsk og býr rétt fyrir utan Gijón. Jón flutti aftur heim fyrir nokkrum árum til að vinna þar sem atvinnuástandið á Spáni er ekki gott.

„Ég ætlaði aldrei að koma heim. Ég er búinn að búa á Spáni síðan 1990. Ég fór nú bara til að leika mér eftir að ég kynntist konunni og við giftumst hér á Íslandi en ég varð bara eftir á Spáni,“ segir Jón.

Diego er einn fjögurra bræðra sem Jón á með spænskri konu sinni en einn þeirra býr með Jóni hér á landi og vinnur með honum en Jón starfar við múrverk hér heima. Allir bræðurnir voru á einhverjum tímapunkti í fótbolta en Diego hefur náð langlengst.

## Nýtti tækifærið

Diego byrjaði að æfa fótbolta fjögurra ára gamall með skólaliðinu Laviada en hann fór svo til Sporting Gijon þremur árum síðar. Þar var hann í fjögur ár áður en hann fór til annars liðs í Gijon en hann endaði svo hjá Real Oviedo 17 ára gamall. Hann er fæddur 1993.

„Ég spilaði minn fyrsta leik fyrir varalið Oviedo fyrir fjórum árum en fékk svo fyrst tækifæri með aðalliðinu 3. september í fyrra. Núna spila ég alla leiki,“ segir Diego, en Real Oviedo er í þriðja sæti spænsku 2. deildarinnar og á möguleika á að spila með þeim bestu á næstu leiktíð.

Diego spilaði þrettán leiki í deild og bikar á síðustu leiktíð og er nú búinn að spila níu leiki í röð fyrir Oviedo eftir að hann fékk aftur tækifæri í lok október. Hann var ekki inni í myndinni hjá þjálfara liðsins fyrir tímabilið en nýtti sitt tækifæri mjög vel þegar það kom.

„Það var hægri bakvörður keyptur fyrir tímabilið sem meiddist og varamaðurinn fyrir hann meiddist líka. Þá var leitað niður í B-liðið og ég færður upp. Síðan þá hefur mér gengið vel,“ segir Diego, en hann er búinn að slá hina tvo út úr liðinu.

„Þeir eru ekki meiddir lengur en ég hef haldið sætinu í byrjunarliðinu sem ég er þakklátur fyrir. Ég hef traust þjálfarans og ætla að halda áfram að reyna að nýta mitt tækifæri,“ segir Diego.

## Tungumálið vandamál

Diego hefur ekki farið leynt með áhuga sinn á að spila fyrir íslenska landsliðið í viðtölum að undanförnu og það hefur ekkert breyst.

„Mig langar mjög mikið að spila fyrir Ísland en það er erfitt því það eru svo margir góðir leikmenn í íslenska liðinu,“ segir hann. „Ég sá alla leiki liðsins í undankeppni EM því mér finnst mjög gaman að horfa á íslenska liðið spila.

Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands, hefur allt annað en gefið Diego undir fótinn þegar hann hefur verið spurður út í spænska Íslendinginn að undanförnu og meðal annars sagt að Diego verði að vera þeim mun betri en aðrir leikmenn liðsins þar sem hann talar ekki íslensku.

Tungumálið er vandamál hjá Diego því hann talar litla sem enga íslensku og þá er enskan hans mjög slæm. Faðir hans túlkaði stærstan hluta viðtalsins þegar blaðamaður settist niður með þeim feðgum í gær.

„Ég skil afstöðu Heimis og veit líka alveg að það eru leikmenn á undan mér. Þessi viðbrögð komu mér ekkert á óvart. Ég ætla að reyna að fara að læra íslensku en það tekur sinn tíma. Ef þetta er eitthvað sem skiptir máli þá skil ég það alveg,“ segir Diego.

Þegar faðir hans benti Diego svo í léttum tóni á að Lars Lagerbäck talar ekki íslensku gat strákurinn ungi ekki annað en brosað út í annað.

## Gæti spilað í janúar

Diego langar með íslenska landsliðinu á EM en tíminn er naumur til að komast í liðið. Strákarnir okkar spila þrjá vináttuleiki í janúar sem eru á óopinberum leikdögum en Oviedo á leiki á sama tíma. Eftir það eru svo bara þrír leikir eftir fram að móti og hingað til hafa Lars og Heimir verið ansi fastheldnir á hópinn.

„Það gæti verið að Real Oviedo leyfði mér að spila með landsliðinu í janúar. Þetta er bara ekki komið í farveg. Ég hef ekki rætt þetta við liðið og er því ekki alveg klár á þessu en ég útiloka ekki að fá leyfi til að spila einhverja af leikjunum í janúar ef ég fengi tækifæri til,“ segir Diego.

Diego viðurkennir fúslega að það myndi hjálpa ferli hans mikið að komast í íslenska landsliðið en hann segist alls ekki vera að hugsa um eigin hagsmuni.

„Ég vil spila fyrir Ísland sem Íslendingur. Ég er ekki að hugsa um mig. Mig langar bara mjög mikið að spila fyrir Ísland. Auðvitað hjálpar það mér samt ef ég fæ tækifæri. Það yrði mjög gott fyrir mig og minn feril en fyrst og fremst vil ég bara spila fyrir Ísland,“ segir Diego.

## Elskar hangikjöt

Diego kom úr hitanum á Spáni í kuldann á Íslandi á mánudaginn fyrir viku og hefur notið lífsins með föður sínum og bróður sem búa hér á landi. „Það var alveg fimm tíma seinkun á fluginu en þetta hefur verið gaman,“ segir hann. „Við erum búnir að vera saman allan tímann. Við förum í skoðunarferð um Reykjavík og kíktum á Tjörnina svo erum við búnir að taka mikið af myndum,“ segir Diego og auðvitað borðaði hann íslenska jólamatinn sem honum þykir mjög góður.

„Ég borðaði hamborgarhrygg og hangikjöt. Ég elska hangikjöt. Svo förum við á vélsleða upp og niður fjöll á jóladag að leika okkur í miklum kulda. Þetta er búin að vera góð ferð,“ segir Diego Jóhannesson.

## Ekki kalla hann „Diegui“

Ástæðan fyrir því að Diego er Jóhannesson en ekki Jónsson þar sem pabbi hans heitir nú Jón er að nafnalög á Spáni eru þannig að fólk verður að taka fyrsta eftirnafn föður síns og móður. Eftirnafn Jóns er Jóhannesson og ber Diego því í raun nafn afa síns.

Sé leitað að Diego á vinsælum fótboltasíðum er hann á mörgum stöðum kallaður einfaldlega „Diegui“. Það er eitthvað sem ekki á að kalla Diego.

„Þýðingin á því er í raun og veru „lítill strákur“. Þetta er eitthvað sem þú segir við fimm ára dreng en ekki tvítugan karlmann. Þetta er viðurnefni sem festist við hann í skólaliðinu þegar hann var ungur því það voru tveir Diegoar. Annar var svo risastór,“ segir Jón Þór um nafn sonar síns og hann sjálfur bætir við:

„Þjálfarinn minn hjá Oviedo vill ekki kalla mig Diegui. Hann kallar mig bara Jóhann í dag. Ég er Diego Jóhannesson,“ segir Diego Jóhannesson.

## Nýjast

### Enska úrvalsdeildin

| | | |
|---|---|---|
| Stoke | 2–0 | Man. Utd |
| Liverpool | 1–0 | Leicester |
| Tottenham | 3–0 | Norwich |
| Man. City | 4–1 | Sunderland |
| Chelsea | 2–2 | Watford |
| Swansea | 1–0 | WBA |
| Aston Villa | 1–1 | West Ham |
| Newcastle | 0–1 | Everton |
| Southampton | 4–0 | Arsenal |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Leicester | 38 | Swansea | 18 |
| Arsenal | 36 | Norwich | 17 |
| Man. City. | 35 | Newcastle | 17 |
| Tottenham | 32 | Sunderland | 12 |
| C. Palace | 30 | A. Villa | 8 |

**Hvað gerði Gylfi?**
Gylfi Þór Sigurðsson spilaði allan tímann í 1-0 sigurleik Swansea gegn WBA sem var fyrsti sigurleikur liðsins í síðustu sjö umferðum eða síðan í lok október.



**Stærstu úrslitin** Southampton, sem var ekki búið að vinna í fimm leikjum í röð, gerði sér lítið fyrir og niðurlægði Arsenal, 4-0. Arsenal gat farið á toppinn með sigri en tapaði þess í stað ansi stórt.
**Hetjan** Tom Cleverley tryggði Everton 1-0 sigur á Newcastle með skallamarki á þriðju mínútu í uppbótartíma en það var fyrsta mark hans fyrir félagið.
**Kom á óvart** Suður-Kóreumaðurinn Ki Sung-Yong skoraði sigurmark Swansea gegn WBA. Hann skoraði átta mörk í fyrra en hefur ekki verið jafn iðinn við kolann núna. Markið um helgina var hans fyrsta á þessu tímabili.

**Mín spá: Van Gaal klárar leikinn gegn Chelsea til að komast hjá því að fara í jólaboð hjá fjölskyldunni, segir svo af sér.**

Sigurður Svavarsson
@Siggivs

### FÍ deildabikar kvenna

**Grótta - Fram 26-27**
**Markahæstar:** Sunna María Einarsdóttir 7/4, Anett Köbli 4 - Ragnheiður Júlíusdóttir 9/1, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4.

**Valur - ÍBV 30-27**
**Markahæstar:** Morgan Marie Þorkelsdóttir 11, Kristín Guðmundsdóttir 10/4 - Díana Dögg Magnúsdóttir 9/1, Vera Lopes 6/3.

### FÍ deildabikar karla

**Valur - Fram 26-20**
**Markahæstir:** Geir Guðmundsson 7, Sveinn Aron Sveinsson 5 - Óðinn Þór Ríkharðsson 3, Garðar B. Sigurjónsson 3/3.

**Haukar - Afturelding 24-23**
**Markahæstir:** Janus Daði Smárason 7/1, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 6 - Birkir Benediktsson 6, Árni Bragi Eyjólfsson 5/2.

Valur komst í úrslit í karla- og kvennaflokki í deildabikarnum í handbolta.

## Í dag

**Úrslitaleikir FÍ deildabikarsins**

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Fram - Valur | Strandgata |
| 20.30 | Valur - Haukar | Strandgata |

| | | |
|---|---|---|
| 14.50 | C. Palace - Swansea | Sport2 |
| 14.50 | Watford - Tottenham | Sport3 |
| 14.50 | Everton - Stoke | Sport4 |
| 14.50 | WBA - Newcastle | Sport5 |
| 14.50 | Norwich - A. Villa | Sport6 |
| 17.20 | Man. Utd - Chelsea | Sport2 |
| 17.20 | Arsenal - Bournem. | Sport4 |
| 17.20 | West Ham - South. | Sport4 |
| 21.00 | Messan | Sport2 |

# BÆTTU FÆÐIÐ MEÐ VÍTAMÍNUM

# 20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÍTAMÍNUM



**A** A-vítamín er fituleysanlegt vítamín og er m.a. nauðsynlegt fyrir sjón, frjósemi, ónæmiskerfið, stýringu erfða, slímhimnur og vöxt.

**D** D-vítamín auðveldar upptöku kalsíums úr þörmunum, uppfyllingu beina og tanna. Kalsíum er lífsnauðsynlegt frumefni sem er mikilvægt fyrir marga líkamsstarfsemi.

**C** C-vítamín er þýðingarmikið fyrir ónæmiskerfi líkamans, en það er m.a. vörn líkamans gegn veirum og bakteríum.




Upplýsingar um vítamínin eru tekin af doctor.is. Gildir 28.-31. desember

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**MSN**
Lionel Messi, Luis Suárez og Neymar, betur þekktir í dag sem þríeykið MSN, voru óstöðvandi á árinu. Með þrjá af fjórum bestu leikmönnum heims í sínu liði var Barcelona líka óstöðvandi og vann þrennuna á fyrsta ári Luis Enrique sem þjálfara. Saman skoruðu þeir félagarnir 134 mörk á árinu 2015.



# Þessi áttu árið 2015



Eins og alltaf var nóg að gerast í íþróttunum úti í hinum stóra heimi á þessu ári. Glæstir sigrar voru unnir, bæði af hálfu vel þekkts íþróttafólks og þá skutust nýjar stjörnur upp á himininn. Fréttablaðið lítur yfir farinn veg á erlendum vettvangi og tekur til sjö karla og sjö konur sem slógu í gegn og eignuðu sér árið 2015.



## Stephen Curry
Í mörg ár hefur LeBron James eignað sér titilinn besti körfuboltamaður heims. Nú er leikstjórnandi Golden State Warriors að fá fólk til að hugsa sig tvisvar um. Þessi ótrúlega skytta leiddi lið sitt til NBA-meistaratitilsins, var kjörinn besti leikmaður deildarinnar og er svo að gera jafnvel enn ótrúlegri hluti á nýju tímabili þar sem Golden State byrjaði 24-0.



## Anna Fenninger
Austurríska skíðakonan var óstöðvandi á árinu 2015 en hún vann risasvigið í heimsbikarnum og alpatvíkeppnina. Á HM í alpagreinum vann hún stórsvigið og risasvigið og Fenninger toppaði svo árið með því að verða heimsbikarmeistari í samanlögðu annað árið í röð.



## Simone Biles
Þessi 18 ára gamla fimleikakona er sú langbesta í heiminum í dag. Á HM í Glasgow gerði hún sér lítið fyrir og vann fjölþrautina þriðja árið í röð og varð með því sú fyrsta í sögunni sem gerir það. Auk þess vann hún keppni í gólfæfingum þriðja árið í röð og var í sigurliði Bandaríkjanna í liðakeppni annað árið í röð. Þá sigraði hún á jafnvægisslá annað árið í röð.



## Ronda Rousey
Árið endaði ekki vel hjá Rondu þegar hún missti heimsmeistaratitil sinn til Holly Holm eftir fyrsta tapið á ferlinum. Árið var samt frábært hjá henni, en Ronda vann tvo bardaga á samtals 48 sekúndum og lék aukahlutverk í tveimur stórum bíómyndum; Furious 7 og Entourage. Þar til Conor McGregor tók metið af henni var hún sá íþróttamaður sem tryggði UFC mestar tekjur á hverju bardagakvöldi.



## Jordan Spieth
Þessi 22 ára gamli bandaríski kylfingur tók árið með trompi. Hann kom öllum á óvart þegar hann klæddist græna jakkanum eftir að vinna Masters í byrjun árs en bætti svo um betur og vann einnig opna bandaríska. Spieth varð í fjórða sæti á opna breska og í öðru sæti á PGA-meistaramótinu, en þá vann hann FedEx-bikarinn og þénaði mest allra á golfvellinum. Hann er aðeins búinn að vera atvinnumaður í þrjú ár en er efstur á heimslistanum í golfi.



## Serena Williams
Bandaríska tennisdrottningin sýndi yfirburði sína á árinu enn eina ferðina og vann þrjú af fjórum risamótunum. Þá var hún eftir sigurinn á Wimbledon handhafi allra fjögurra risatitlanna þar sem hún vann opna bandaríska meistaramótið 2014. Serena er búin að vinna 21 risatitil í einliðaleik og 36 í heildina. Hún var undir lok ársins kjörin íþróttamaður ársins af Sports Illustrated.


4BLS
KIPPA ÚT :)
ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Til áramóta fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 405kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
ÁRAMÓTA
68 SKOTA KAKA
FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
FYRSTU 500 GESTIRNIR Á ÚTSÖLU ÁRSINS FÁ POKA AF NÝRISTUÐUM MÖNDLUM
MÖNDLUBÁSINN VERÐUR Á ÚTSÖLU ÁRSINS!
LJÚFFENGAR NÝ-RISTAÐAR MÖNDLUR Á STAÐNUM
RISTAÐAR MØNDLUR
OPNUM 12:00
Í DAG ÚTSÖLU ÁRSINS
Tilboð gilda dagana 28-31 desember 2015 eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÚTSALA

## AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA Í TÖLVUTEK • STÆRSTU TÖLVUVE

NITRO

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ACER FARTÖLVUM

ÁRAMÓTA 68 SKOTA KAKA FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

acer

### VN7-792G

- Intel Quad Core i7-6700HQ 3.5GHz Turbo
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid
- 17.3" UHD 4K IPS Anti-Glare 4096x2160
- 4GB GeForce GTX 960M leikjaskjákort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 867Mbps Dual WIFI AC, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**249.900**

VERÐ ÁÐUR 299.900

E5-473

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

ÁRAMÓTA 68 SKOTA KAKA FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

FÆST Í ÞREMUR LITUM

acer

### E5-473

- Intel Pentium Dual Core 3556U 1.7GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 14" FHD LED AntiGlare 1920x1080
- Intel HD Graphics DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**89.900**

VERÐ ÁÐUR 99.900

E5-552

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ACER FARTÖLVUM

ÁRAMÓTA 68 SKOTA KAKA FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

KEMUR Í ÞREMUR LITUM

acer

### E5-552

**NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA**

Ný kynslóð fartölva með 4ra kjarna Carrizo örgjörva, öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og TrueHarmony hljóðkerfi.

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**119.900**

VERÐ ÁÐUR 129.900

10E

ÖFLUG SKOTKAKA FYLGIR NÝJUSTU SWITCH SPJALDTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ACER SWITCH SPJALDTÖLVUM

### SWITCH

**FULLKOMIN SPJALD/FARTÖLVA;)**

Ný kynslóð var að lenda af þessari fjölhæfu spjaldtölvu sem breytist í fartölvu þegar henni er smellt í lyklaborðsvöggu, sem fylgir með;)

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735F 1.83GHz Burst
- Intel HD 3D Graphics grafískur skjákjarni
- 1GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 64GB SSD Flash og allt að 128GB microSD
- 600Mbps WiFi Nplify, Bluetooth 4.0
- Tvær FHD Crystal Eye vefmyndavélar
- Örþunn lyklaborðsvagga m/Snap Hinge2
- Windows 10 & Office Mobile

12+

Office Mobile

acer

**49.900**

VERÐ ÁÐUR 69.900

ICONIA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ACER SPJALDTÖLVUM

